

**BRYNDÍS HLÖÐVERS
FLYTUR Í BORGARNES
EKKI MEIRI PÓLÍTÍK**



**ÚTKEYRÐ ÁGÚSTA EVA
SLAPPAÐI EIN AF
Á HÓTEL BÚÐUM**



hér & n

Miðvikudagur 12. apríl 2006 - 15. tbl. - 2. árgangur - Verð: 395 krónur



**FEÐURDARDROTTNINGIN
INGUNN SIGURPÁLS**



**UNNUR BIRNA
GENGIN ÚT**

**Saman í
hestunum!**

**HEPPNASTI
MAÐUR
Í HEIMI**



**ALLT UM NÝJA
KÆRASTANN**

**HVÍTI
KÓNGURINN**



RISAPLAKAT

ISSN 1670-598X



FYLGIR MEÐ!

L'

O

R



Milla notar
True Match
lit N5 Sand



É

A

L

PARIS

Fyrsti farðinn frá Loréal sem aðlagar sig fullkomlega að lit og áferð húðar.

NÝTT true match

Sérstök blanda sem veitir fullkomna förðun



HVAÐ ER NÝTT

Farði sem aðlagast áferð og lit húðarinnar fullkomlega. Léttur og þægilegur í notkun, mjög auðvelt að stýra áferð hans. Ferskur og eðlilegur, en þekur vel svo húðin virðist lýtalaus.

HVAÐ ER SATT

Einstakir 10 litatónar. Aðlaga sig fullkomlega að þínum eigin húðlit.

HVAÐ ER INN

Húðin verður strax áferðarfallegri. Örfín áferð farðans gerir húðina lýtalaus. Ríkt af B5 og E vítamínum.

HVAÐ ER ÚT

Kekkir og farði með þéttri áferð. Uppgötvaðu fallega áferð og fullkominn lit, loksins farði sem þú munt elska að nota.

Eins nálægt þinni eigin húð og nokkur farði getur verið.

ÞVÍ ÞÚ ÁTT ÞAÐ SKILIÐ.

L'ORÉAL
PARIS



20% afsláttur af Nicorette Freshmint*



Bragð sem endist lengur

nicorette[®]
nicotin

*Tilboðið gildir til 30. apríl

Lyf & heilsa
Við hlustum!

Nicorette nikótínlyf eru fánleg án lyfseðils og eru notuð þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr reykingum. Til að ná sem bestum árangri skal ávallt fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt, hvort hætt á reykingum eða draga úr þeim. Því ber að kynna sér upplýsingar um notkun í fylgiseðli. Í fylgiseðlinum eru upplýsingar um: verkun og notkun, varúðarreglur, mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt er að lesa áður en lyfin eru notuð, hugsanlegar aukaverkanir og aðrar upplýsingar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ófnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarleg hjartsláttarglöp eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf. Börn yngri en 15 ára, þungaðar konur og konur með barn á brjósti eiga ekki að nota Nicorette nikótínlyf nema að ráði læknis. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Geymið fylgiseðilinn. Nauðsynlegt getur verið að lesa hann síðar. Handhafi markaðsleyfis: Pfizer ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatúni 2, Garðabæ. www.nicorette.is

hér & nú



20

STJÖRNUFRÉTTIR

6-7 Idolstjarnan Snorri Snorrason.
8 Heiða úr Idolinu. Hætt með kærastanum.
10-11 Bryndís Hlökkversdóttir. Keypti hús í Borgarnesi.
12 -13 Unnur Birna. Gengin út.
14-17 Innlendar fréttir.
18-19 Erlendar fréttir.
20 Silvía Nótt. Ein á Hótel Búðum.
22-23 Hvað er að fréttá? Siggí Hall ánægður í vinnunni.

LÍFSSTÍLL

25 Unnur Birna og Helga Braga nota ABC-kort.
26-29 Idolið. Hvíti kóngurinn stendur uppi sem sigurvegari.
30-33 Nylon. Tóku upp nýtt vídeó í Vík í Mýrdal.
34-35 Árshátíð NTC. Prusupartí í Prastarlundi.
36-37 Plakat af Snorra Idolstjörnu.
38 Dimmisjón MR-ingar slettu úr klaufunum.
40-41 Bransasagan. Helga Möller.
42-43 Fataskápurinn. Rósa Birgitta söngkona.

ALVÖRU FÓLK

45 Fyndnasti páfagaukur landsins. Á óvin.
46-47 Sakamálasagan. Morðið á Sri Rahmawati.
48-49 Sirrý segir. Viðskiptasiðferði.
50-51 Nói Sírius. Eins og á síldarvertíð.
52-53 Hjörtur Magni. Skemmtilegur prestur.
54-55 Árni Björn Helgason. Framleiðir íslenska Rock Star-þætti
56 Þrándur vídeóbloggari er Skvapadelicious.
58-59 Gettu betur. Eldklárir MA-ingar.
60-61 Jóhann Waage. Hannar lukkudýr.
62 10 hlutir... Björgvin Halldórsson.
64 Spurðu við þinn.
65 Skopmyndin
66 Krossgáta vikunnar.
68 Hér & nú stúlkan. Þórdís Grétarsdóttir.



30-33



40-41



6-7, 26-29 og 36-37



62

Atson seðlaveski til fermingagjafa.
Ókeypis nafngylling fylgir.

Atson




Leðuriðjan ehf. Brautarholti 4, sími 561- 0060

Idolstjarnan Snorri Snorrason er Hvíti kóngurinn

MEÐ HEILAN LEIKSKÓLA Á HEIMILINU

Saman í 13 ár

Snorri og Inga Þóra byrjuðu saman þegar Snorri var 15 og hún 13.



Maður er náttúrulega aðeins að ranka við sér eftir helgina en annars líður mér mjög vel,” segir nýkrýnd Idolstjarna Íslands, Snorri Snorrason, pollrólegur. Snorri hefur unnið í Kjötsmiðjunni frá því hann var unglingur og ætla að vera í fríi frá því fram yfir páska, í boði Landsbankans eins og hann orðar það sjálfur.

„Það kemur nú bara í ljós hvort maður verður þarna áfram, ég er ekki ennþá byrjaður að funda með samstarfsmönnum mínum en ef það verður nóg að gera í söngnum, þá náttúrulega tekur það við,” segir Snorri en Kjötsmiðjan er hálfgerð fjölskyldufyrirtæki sem selur kjötvörur, aðallega til veitingahúsa bæjarins. „Þetta er allt það flottasta, sko.“

Einkanúmerið IDOL

Snorri og unnusta hans, Inga Þóra Jónsdóttir, hafa verið saman í 13 ár og eiga þrjá stráka. Tvíbura sem eru sjö ára og svo einn eldri sem er níu ára. „Þeir eru náttúrulega alveg í skýjunum og alveg svakalega montnir. Þeir hafa reyndar ekkert náð að monta sig í skólanum því þeir eru í páskafríi,” segir Snorri og hlær.

Snorri fékk glænýjan Golf

frá Heklu sem hann hefur ekki fengið að prófa ennþá. „Ég er bara búinn að vera á öðrum sem við fengum í fimm manna úrslitunum, hinn er splunkunýr og svakalega flottur,” segir Snorri en nýi Golfinn er með einkanúmerið IDOL. „Það verður víst að vera þannig, þá sér fólk að þetta er „The man“ á bilnum. Ég ætla samt að sjá hvort ég geti ekki fengið að skipta um númer,” segir Snorri og hlær.

Með leikskóla á heimilinu

Unnusta Snorra er dagamma og því oft ansi mikið fjör á heimilinu. „Það er allt brjáláð þarna og þetta er eins og heill leikskóli. Maður er svolítið veikur bara í vinnunni því það er enginn friður heima,” segir Snorri sem er með lítið stúdíó heima hjá sér. Hann segist redda sér á gítar, orgel og bassa og hefur samið mikið af tónlist.

„Ég var til dæmis með eitt lag á plötunni hennar Heiðu sem var í Idol í fyrra sem heitir Hvað sem er. Svo hef ég líka verið að vinna í upptökum fyrir aðra.“ Snorri tók til að mynda upp nýja plötu hljómsveitarinnar Jet Black Joe sem kemur út á næstunni. „Ég var upptökustjóri á þeirri plötu. Ég vil samt ekkert vera með neinara yfirlýsingar

um hvernig platan mín verður en ég á alveg hrúgu af lögum,” segir Snorri sem kann mjög vel við nýja umboðsmanninn sinn, Einar Bárðarson.

Hvíti kóngurinn í Hér & nú

Snorri var í hljómsveitinni Mary Poppins á árum áður en hefur eftir það verið nokkurs konar stúdíórotta. „Maður hefur bara verið að gera músik til þess að eiga. Tónlist er eiginlega mitt eina áhugamál. Þegar ég er ekki í vinnunni er ég í stúdíóinu að taka upp fyrir aðra eða leika mér. Ég viðurkenni alveg að ég er með allt í höndunum í dag, en svo gæti eitthvað gerst á morgun,” segir Snorri og hlær.

Fljótlega í keppninni fékk Snorri viðurnefnið Hvíti kóngurinn og hélt það út alla keppnina. „Það voruð nú þið sem funduð þetta upp og ég verð

eiginlega bara að þakka ykkur fyrir það, mér fannst þetta mjög fyndið og skemmtilegt.“

Slappar af um páskana

En er Snorri virkilega jafnrólegur og hann lítur út fyrir að vera?

„Nei, ég er bölvæður brjálæðingur, þykist bara vera rólegur,” segir Snorri og hlær um leið og hann viðurkennir rólyndi sitt.

„Ég get nú ekki sagt að ég hlusti mikið á tónlist í dag, ég er frekar bara að búa hana til. Þetta nýbylgjudót er mikið af endurtekingum og of pródúseruðu efni sem ég er ekkert að fíla. Ef ég set eitthvað á fóninn, þá er það eitthvað gamalt og gott sem maður hlustaði á þegar maður var ungur.“

En hvað ætlar Idolstjarna Íslands að gera um páskana?

„Ætli ég reyni ekki bara að slappa af.“

„Það voruð nú þið sem funduð þetta
upp og ég verð eiginlega bara að
þakka ykkur fyrir það, mér fannst
þetta mjög fyndið og skemmtilegt.“

Tók upp Jet
Black Joe!



Fjölskyldan Inga
Póra og Snorri með
strákana sína þrjá.

Idolstjarna á lausu

**Prösturinn
floginn!**

HEIÐA HÆTT MEÐ KÆRASTANUM

Idolstjarna á lausu
Heiða er hætt með
kærastanum eftir rúm-
lega sjö ára samband.

Já, það er rétt, hún Brynja Björk á Séð og heyrð hringdi í mig áðan og ég vil bara lítið tjá mig um þetta annað en að staðfesta það," segir Aðalheiður Ólafsdóttir, betur þekkt sem Heiða úr Idolinu, aðspurð hvort hún sé á lausu. Fyrirverandi kærasti Heiðu heitir Pröstur Jóhannesson en þau voru saman í rúm sjö ár. Pröstur vannur hjá fyrirtækinu Tölvudreifingu en þau Heiða kynntust þegar hann var bassaleikari hljómsveitarinnar Url sem Heiða söng með.

„Ég er ekkert að fara að gifta mig, allavega ekki á morgun,“ sagði Heiða í viðtali við Hér & nú í sumar þegar hún var spurð hvort þau Pröstur ætluðu að gifta sig. Það mun líklega haldast svo eitthvað áfram en Heiða hefur vakið mikla athygli alveg síðan hún lenti í öðru sæti Idolsins í fyrra.

Í prufunum fyrir þættina Rock Star sem fram fóru á Gauknum voru keppendur spurðir hvort þeir myndu halda fram hjá ef svo bæri undir. Þá svaraði Heiða því til að hún væri á lausu og þyrfti ekki að hafa áhyggjur af því. Hún virðist samt ætla að halda áfram að slá í gegn og var frekar létt yfir henni þegar Hér & nú náði af henni tali, stelpa var stödd í New York að skemmta sér.



Slegið í gegn
Heiða hefur heillað
alla með fögrum
söng sínum síðan
hún vann Idolið.

Hætt saman Heiða
úr Idolinu og Pröstur
hjá Tölvudreifingu
eru hætt saman.

**Fyrirverandi kærasti
Heiðu heitir Pröstur Jó-
hannesson og þau voru
saman í rúm sjö ár.**

Hollustuna heim!

Hollur og góður kínamatur,
stórir skammtar - beint heim til þín.



TILBOÐ 1

Djúpsteiktar rækjur
Original hot and
sweet svinakjöt
Snöggsteikt nautakjöt í ostrusósu
Kínverskar eggjanúðlur m/kjúklingi og grænmeti
Hrisgrjón, súrsæt sósa, prjónar og soya sósa

1.245 á mann
2.490 fyrir tvo

TILBOÐ 2

Djúpsteiktar rækjur
Peking kjúklingur m/kínasveppum
Wok steikt lambakjöt m/svartbauna-sósu
Original hot and sweet svinakjöt
Hrisgrjón súrsæt sósa, prjónar og soya

1.345 á mann
2.690 fyrir tvo

TILBOÐ 3

Rifjapartý

Konton svinaríf
Hrisgrjón, prjóna og soya
poki af Maarud

1.150 á mann
2.300 fyrir tvo

2 L COKE OG RÆKJUFLÖGUR FYLGJA Í „TAKE AWAY“

BARNABOX



2 kjúklingaleggir franskar
og kokteilsósa kinderegg

600 kr



ORIENTAL RESTAURANT • LAUGAVEGI 19

FRÍ HEIMSENDING

Lagmarkspöntun er kr. 1.900,- en kr. 4.000,- í Hafnarfjörð.
Opn: mán.-fim. 12-22, fös. og lau. 12-23, sun. 17-22

PÖNTUNARSÍMI 552 2399

Alþingiskonan fyrrverandi Bryndís Hlöðversdóttir keypti sér nýverið stærðarinnar einbýlishús í Borgarnesi

KOMIN HEIM Í SVEITINA



Fyrrverandi alþingiskonan Ætlar ekki aftur í pólitíkina á næstunni.

Já, takk. Ég flyt nú reyndar ekki inn í það fyrr en í sumar," segir Bryndís Hlöðversdóttir, fyrrverandi alþingiskona og forseti lagadeildar Viðskiptaháskólans á Bifröst, þegar blaðamaður óskar henni til hamingju með nýja húsið í Borgarnesi.

„Ég á sumarhús þarna rétt hjá í Kolbeinsstaðahreppnum og var þar í sveit og þekki vel til í bænum þannig að þetta var eiginlega rakið dæmi. Mér finnst Borgarnes vera bær sem hefur upp á allt að bjóða sem maður þarf, öll þjónusta innan seilingar. Góðan grunnskóla og góða íþróttaaðstöðu fyrir börn. Svo er líka stutt að bruna í bæinn þegar þess þarf.“

Húsið jafnaldri

„Ég keypti mér kornungt einbýlishús á Helgugötu. Það er á svipuðum aldri og ég," segir Bryndís og hlær.

Fasteignaverð í sveitinni er eins og allir vita lægra en á höfuðborgarsvæðinu en fer þó hækkandi. „Íbúðaverðið þarna hefur farið hækkandi í vetur. Ég hef fylgst mjög vel með þessu frá því ég byrjaði á Bifröst og það er greinilegt að fasteigna-

verðið á landsbyggðinni er að færast nær Reykjavíkurverðinu. Enda eru svo margir kostir við að búa í þessum jaðarbyggðarlögum höfuðborgarsvæðisins.“

Ekkert þælt í rektornum

Það fer að styttest í að nýr rektor verði kjörinn við Viðskiptaháskólann og hafa raddir verið að hvísla nafn Bryndísar sem framtíðarrektor. „Ég er nýtekin við sem deildarforseti lagadeildarinnar þar og er mjög ánægð í því starfi. Ég er ekkert farin að hugsa um þessi mál, enda nokkuð í þetta ennþá.“

Bryndís hyggst segja alveg skilið við Reykjavík. „Ég á nú ekki svo mikið af eignum eftir minn feril að ég geti átt eignir á báðum stöðum," segir Bryndís kímín. „Ég ætla bara að taka þetta skref til fulls og flytja alveg í Borgarnes enda frábær bær.“

En ætlar Bryndís að blanda sér í bæjarmálapólitíkina í Borgarnesi fyrst hún er flutt þangað?

„Nei, ég tók þá ákvörðun að fara út úr pólitíkinni og ég hef ekki í hyggju að koma að pólitík á næstunni, nema þá bara sem áhugamaður," segir Bryndís að lokum.

Texti: Ragnar Pétursson og Jón Mýrdal

**Sveita-
sæla!**

Fallegt einbýlishús

Húsið sem Bryndís var að kaupa sér í Borgarnesi.

„Ég ætla bara að taka þetta skref til fulls og flytja alveg í Borgarnes enda frábær bær.“

**STJÖRNU-
FRÉTTIR**

Viðskiptaháskólinn á Bifröst Bryndís er nýtekin við sem forseti lagadeildar við háskólann.

Unnur Birna er komin með kærasta

HEPPNASTI MAÐUR



STJÖRNUFRÉTTIR

Unnur Birna Aetlar
að taka því rólega um páskana.

Ég er bara búin að taka þá ákvörðun að ég ætla ekkert að tjá mig meira um þetta annað en að ég er frátekin," segir ungfrú heimur, Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, um nýja kærastann. Unnur segir sambandið vera á byrjunarstigi og vill halda því fyrir sig. Í þætti Jóns Ársæls, Sjálfstætt fólk, á sunnudagskvöldið uppljóstraði fegurðardrottningin um kærastann. Sagði hann vera venjulegan strák enda myndi hún ekki heillast af frægð eða ríkikæmi.

Hagfræðinemi og hestamaður

Kærasti Unnar Birnu heitir Sigurður Straumfjörð Pálsson og er afreksmaður í hestaíþróttum. Hann verður 22 ára í ágúst og stundar nám í hagfræði við Háskóla Íslands. Eins og flestir vita er Unnur Birna mikil hestamanneskja og á helling af hestum. Hún var einmitt stödd fyrir austan fjall með vinkonu sinni á bænum Strandahaugum þegar Hér & nú náði af henni tali.

Sigurður og Unnur Birna kynntust í gegnum hestana

og hafa þekkt lengi, að sögn þeirra sem þekkja til. Sigurður er úr Mosfellsbænum og lenti í þriðja sæti í vali á íþróttamanni bæjarins á síðasta ári. Þá setti hann einnig heimsmet í 100 metra skeiði á Heimsmeistar móti íslenska hestsins í Svíþjóð fyrir skömmu. Sigurður var lengi á hestinum Prinsi frá Syðra-Skórðugili en hefur nú selt hann. Þeir sem til þekkja segja parið passa vel saman og greinilegt var á Unni Birnu að hún er ánægt með nýja kærastann.

Aetlar að vera í sveitinni um páskana

Það hefur verið nóg að gera hjá Unni Birnu eftir að hún hlaut titilinn Miss World. „Það sem ég geri aðallega þessa dagana er að vera í hestunum. Ég ætla að fara á bæinn Brekkur til ömmu og afa sem er mín sveit og verð mikið þar um páskana," segir Unnur Birna sem vonar að hún

fái að vera sem mest hér á landi um páskana. „Ég hef allavega ekki fengið að vita neitt annað. Svo eru einhver hestamót og kynningar í bænum sem ég ætla að kíkja á, en aðallega ætla ég bara að taka því rólega," segir alheimsfegurðardrottningin glöð í bragði.

Því verður ekki neitað að Unnur Birna er eftirsóttur kvenkostur. Gullfalleg, klár, hress og skemmtileg. Það er því óhætt að segja að Sigurður Straumfjörð Pálsson sé heppnasti maður í heimi.



Heppinn Sigurður
Straumfjörð Pálsson
er afreksmaður í hestaíþróttum.



Í HEIMI

Hestamanneskja Unnur Birna ætlar að vera í sveitinni um páskana.

Kynntust í hestunum!



Pá setti hann einnig heimsmet í 100 metra skeiði á Heimsmeistararamóti Ís-lenska hests-ins í Svíþjóð.



Miss World Unnur Birna á tiskusýningu í Grikklandi, stórglæsileg að vanda.

Útgáfufélag 365 – prentmiðlar.

Útgefandi Björgvin Guðmundsson og Páll Baldvín Baldvinsson ábm.
Ritstjóri Breki Logason, breki@hognu.is.

Ritstjórn Brynja Björk Garðarsdóttir, brynjab@hognu.is, Jón Myrdal,
myrdal@hognu.is, Ragnar Pétursson, ragnar@hognu.is.

Hér & nú Skaftahló 24, 105 Rvík, sími: 550 5000.

Fax Auglýsingar: 515 7599 – Ritstjórn: 550 5075.

Netfang Ritstjórn: ritstjorn@hognu.is – Auglýsingar:
auglysingar@hognu.is. Umbrot 365 – prentmiðlar Hilmar Gunnarsson.

Prentvinnsla Isafoldarprentsmíða. Dreifing Pósthúsið ehf.,
dreifing@posthusid.is. Hér & nú áskilur sér rétt til að birta aðsendar
myndir í tímaritinu á stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds.

Á föstu með fegurstu konu heims

Ungfrú heimur er gengin út. Sá heppni er ósköp venjulegur strákur úr Mosfellsbænum. Hann er í hestunum eins og fegurðardrottningin. Flestir karlmenn landsins horfa líklega öfundaraugum á nýja kærastann. Unnur Birna er nefnilega engin venjuleg fegurðardrottning. Hún er ungfrú heimur.

Í einlægu viðtali við Jón Ársæl sagðist hún ekki heillast af frægð eða ríkidæmi. Unnur Birna er jarðbundin stelpa sem kemur alltaf vel fyrir. Það fylgir titlinum að fá mörg símtöl frá blöðum eins og Hér & nú. Og sama hvert erindið er, hún tekur því alltaf vel.

Völva Hér & nú, en spá hennar birtist 22. desember, var með hlutina alveg á hreinu. Þar sagði hún að á nýju ári mætti búast við að Bubbi yngdi upp, Bachelor-parið hætti saman, Sirry skipti um sjónvarpsstöð og að Unnur Birna myndi hitta ástina.

En Unnur Birna er ekki eina fegurðardrottningin sem hefur fundið ástina. Ingunn Sigurpáldóttir sem lenti í öðru sæti í Ungfrú Ísland var innileg með nýjum kærasta á Hverfisbarnum um helgina. Og að sjálfsögðu var Hér & nú á staðnum.

Snillingurinn Snorri Snorrason sigraði í Idol - Stjörnuleitinni. Mér fannst það mjög sanngjart. Hann er svo mikill „down to earth“ gaur. Priggja barna faðir í Breiðholti sem á gullfallega unnustu.

Stelpurnar í Nylon halda áfram að slá í gegn. Blaðamaður Hér & nú slóst í för með stelpunum til Víkur í Mýrdal. Þar voru þær að skjóta myndband í nístingskulda. Þær létu kuldabola þó ekki hafa áhrif á sig heldur brostu bara eins og venjulega.

Blaðið þess vikuna er stútfullt af skemmtilegum efni. Við nenum ekki að velta okkur upp úr einhverjum leiðindum, eins og hvaða fólk það er sem er hætt að drekka.

Hér & nú fer nú í vikufri en kemur svo tvíeft til baka. Þangað til, hafið það gott og eigið gleðilega páska!

Breki Logason



GETA EKKI HÆTT AÐ DJAMMA

Krakkarnir úr Ástarfleyinu halda vel hópinn. Á heimasíðu þeirra má sjá að þau er sko alls ekki hætt að djamma. Það sást vel í þættinum að hópurinn hafði greinilega mjög gaman af því að drekka áfengi. Í frétt í Hér & nú fyrr á þessu ári mátti lesa að krakkarnir drukku um borð í Ástarfleyinu margfræga áfengi fyrir 11,2 milljarða tyrkneskra líra sem eru

rúmlega fjögur hundruð þúsund krónur.

Á vefsíðunni visir.is/astarfleyid má sjá myndir frá afmæli Hauks og Hjalta. Haukur var tókumaður í þáttunum en var svo fljótlega orðinn þátttakandi í leiknum. Það er greinilegt að krakkarnir í Ástarfleyinu eru ennþá góðir vinir í dag og kunna greinilega að skemmta sér saman.

TRÚLOFA SIG Á KÚBU

Árni og Chloe



Stjörnuþarið Árni Elliot Swinford og Chloe Ophelia Gorbulew er í rómantískri ferð á Kúbu þessa dagana. Kúba er greinilega mjög heit því fleiri hundruð Íslendingar hafa lagt leið sína þangað á þessu vori. Samkvæmt heimildum Hér & nú ætla Árni að biðja Chloe á Kúbu en þau hafa verið saman í nokkur ár. Í viðtali í Hér & nú í fyrra sagði Chloe: „Við

erum oft með rómantísk kvöld. Förum mikið út að borða og svo erum við bestu vinir og erum alltaf saman. Við förum alltaf út að skemmta okkur saman. Við endumst yfirleitt bara hálf kvöldið sitt í hvoru lagi, síðan verðum við að hittast.“ Það er greinilegt að stjörnuþarið er mjög ástfangið og óskar Hér & nú þeim til hamingju með trúlofunina.

Hér & nú
og Sirkus
Reykjavík



LEITA AÐ SJÓNVARPS- STJÖRNU ÍSLANDS

Leitin að sjónvarpsstjórnunum Íslands er hafin. Hér & nú og þátturinn Sirkus Reykjavík leita nú að henni. Fyrirkomulagið er mjög einfalt því fólk sendir einfaldlega inn hugmyndir að sniðugum innslögum. Til dæmis viðtölum, umfjöllunum eða bara því sem fólk dettur í hug. Tímalengdin á innslögunum á að vera á bilinu þrjár til fimm mínútur. Áhugaverðustu hugmyndirnar

verða svo teknar upp og unnar af fagfólki og sýndar í þættinum Sirkus Reykjavík sem Ásgeir Kolbeinsson stjórnar.

Sá sem þykir standa sig best fær síðan frábært tækifæri til að verða næsta sjónvarpsstjarna Íslands og fær vikulegt innslag í þætti Ásgeirs. Nú er bara um að gera og leggja hausinn í bleyti og senda svo Ásgeiri póst á póstfangið sirkusrvk@365.is.

HELGIN SEM LEIÐ Á DJAMMINU

Miðbær Reykjavíkur var að sjálfsgöðu útataður í fólk þessa helgina sem og aðrar og auðvitað var fræga fólk mætt á svæðið.

Svo virðist sem skemmtanalið Reykjavíkurborgar muni ekki breytast mikið hvað varðar fjölbreytni á fólk. Ómar Swarez sást munda þizmerki á helstu spaða bæjarins. Dóri DNA, Kájoð og Lúlli úr XXX Rottweiler voru á Prikinu í góðum filing. Strákarnir í Wolfgang voru líka á Prikinu rétt eins og Ási fatahönnuður Silvíu Nóttar og Kristján Ra skemmti sér ásamt fríðu foruneyti.

Fréttamaðurinn Sölvi Tryggvason dansaði af sé skóna á

Ólafur með nýju kærastunni, fengileg stúlka þar á ferð. Clark Kent var á Vegamótum þar sem dansinn dunaði fram eftir nóttu. Arnar eða Bjarki Gunnlaugsson skemmti sér konunglega með mjöð í hendi við barinn á Vegamótum á meðan Matthildur módel var eldhress á dansgólfinu. Leikkonan Unnur Ösp var einnig á Vegamótum á meðan Mugison lét sjá sig á rokktonleikum á Gauki á Stöng. Útvarpsmaðurinn Ágúst Bogason kom þar fram ásamt hljómsveit sinni Jan Mayen. Gunnur úr Strákunum leiddi unga stúlku á tónleikumum.



HRINGDU INN FRÉTT OG FÁU PENING

550 50 70 15.000 kall!

Sástu einhvern frægan gera eitthvað fyndið? Veistu eitthvað sem enginn annar veit? Af hverju ekki að hringja í Hér & nú og fá smá pening fyrir fréttaskot? Fréttaskotssimsvorinn okkar er 550 50 70. Láttu í þér heyrja og þú gætir átt fréttaskot vikunnar og fengið 15.000 krónur fyrir. Ef fréttin fer á forsiðu færðu 5.000 krónur og 3.000 ef fréttin þín ratar inn í blaðið. Láttu endilega í þér heyrja.



FRÉTTASKOT hér&nú



Próf smóf!

Mhressari á morgnana
Mskarpari í skólanum
Möruggari í prófunum

RAUTT EDAL GINSENG
Þegar reymir á þrek og þol



Fegurðardrottningin Ingunn Sigurpálsdóttir

Íslenskt slúður

Heppinn!

Innileg Sólvi og Ingunn létu vel hvort að öðru á Hverfisbarnum.

Við erum búin að vera að hittast í svona eina, tvær vikur. Ég þekki hana samt alveg síðan við vorum saman í bekk í Verzló," segir hagfræðinemin Sólvi Sturluson. Hann leikur einnig knattspyrnu með meistaraflokki KR og æfir 7 til 8 sinnum í viku. „Þetta fer allt að detta í gang núna.“

Ingunn Sigurpálsdóttir lenti í öðru sæti í Ungfrú Íslandi í fyrra og vakti mikla athygli þá. Féll reyndar aðeins í skuggann af ungfrú heimi sem vann keppnina. „Það er ekki hægt að neita því," sagði Sólvi þegar talið barst að því hversu hugguleg Ingunn er.

Myndirnar af Sólva og Ingunni náðust á Hverfisbarnum þar sem þau voru í miklu stuði eins og sjá má.

Texti: Breki Logason – H&N-mynd: Sigurður V

Í SKEMMTI- STAÐASLEIK VIÐ KR-ING

BLOGG VIKUNNAR *Vignir Svavarsson*

SAFNAR YFIRVARASKEGGI Í ÞÝSKALANDI

Virðist vera að ná mér í fuglaveikina, er búinn að vera eitthvað slappur síðastliðna daga, ég hefði kannski átt að sleppa því að sleikja þessa dauðu fugla sem lágu út í garði hjá mér um daginn. Uppsett er á sturtuóperuna.

Ég er hættur að „kaupa mér“ tónlist í bili, var að fara í gegnum tölvuna mína og komst að því að ég á eftir að hlusta almennilega á

heilan helling af þessu stoffi sem ég er með. Er búinn að brjóta tvo skrifborðsstóla á síðastliðnum mánuði, ég veit... ég er Vignir, ég er hlunkur. Sit núna í hálfnýjum stól sem Villi pimpaði saman.

Verð í Þýskalandi yfir páskana að safna yfirvaraskeggi.

Mæli með að fólk hlusti á nýju Mates of State-plötuna Bring it Back, þar er gríðar-

hress gleðipoppp á ferð. Mæli með að mæla með hlutum.

Mæli á móti að mæla á móti hlutum, nema þú mælir á móti þeim. Mæli með... hinu og þessu. Hafid það gott.“

– blog.vignir.is



Fjölmiðlamennirnir Jakob Bjarnar og Hallgrímur Thorsteinsson

VEÐJUÐU UM ÚRSLIT IDOLSINS

Fjölmiðlamennirnir Jakob Bjarnar Grétarsson og Hallgrímur Thorsteinsson veðjuðu um úrslit Idolsins. Hallgrímur sem er ein aðalsprautan á NFS tippaði á ungmeyna frá Húsavíki, Ínu Valgerði. Jakob var hins vegar handviss um að Snorri myndi sigra. Var einn fjóluþlár lagður undir og er hann nú kominn í vasa Jakobs.

„Ég ætla að kaupa mér nýja skó í skó-búðinni hjá konunni hans Halla. Það eru reyndar kvenskór þar en ég ætla að athuga hvort þeir séu með einhverja Lloyd-skó. Ég nota verðlaunaféð til þess að setja upp í hærrí upphæð, þannig að Halli græðir á þessu eftir allt saman,“ sagði Jakob eftir að ljóst var að verðlaunaféð var hans.



DJ-AÐI Á OLIVER

Hinn eini sanni Barði Jóhannsson, sem gjarnan er kenndur við Bang Gang, sló í gegn um helgina. Var strákurinn mættur á Oliver þar sem hann hélt uppi stuðinu með vínýlplötum sem fóru vel í viðstadda. Spilaði Barði eldhressa tónlist enda sjálfur þekktur fyrir mikinn hressleika.

Leikkonurnar Ilmur og Bryndís

Á SÍÐUSTU METRUNUM

Leikkonurnar Ilmur Kristjánsdóttir og Bryndís Ásmundsdóttir eiga báðar von á barni. Bryndís er komin tæpa níu mánuði á leið en Ilmur á að eiga í maí. Í samtali við Hér & nú sagðist Ilmur hafa það ljómandi gott og hljómaði nokkuð spennat, enda hennar fyrsta barn. Barnsfaðir Ilmar er fréttamaðurinn Ari Sigvaldason en Bryndís á von á barni með eiginmanni sínum Atla úr Strákrinum.



Peza Höllin

Alltaf Góðar

Roastbeefpizza ~ Parmaskinkupizza

Grænmetispizza með sólþurrkuðum tómötum

Kjúklingapizza með gullosti ~ Ostaveisla með ribsgel

Valbraut 5 68 68 68 Mjódd

NÝR KÆRASTI?



Heather Locklear, sem leendur hættu að kannast við úr þáttunum Melrose Place og Spin City, er komin með nýjan kærasta. Leikkonan sem skildi við eiginmann sinn til 11 ára, rokkarann Richie Sambora gítarleikara Bon Jovi í febrúar, er víst byrjuð að deita Spin City-stjörnuna David Spade. Heather og David hafa sama umboðsmann og hafa verið vinir lengi en til þeirra sást þar sem þau kysstust og létu vel að hvort öðru. Þau segjast þó að sjálsögðu bara vera vinir.

ÉG VAR MEÐ ÁTRÖSKUN

Calista Flockhart hefur lengi haldið því fram að ástæða þess hve hún er grónn sé sú að hún sé svo smábeinótt. Leikkonan, sem var eitt sinn undir 45 kílóum, hefur nú viðurkennt að hún hafi strítt við átröskun á meðan hún vann við þáttinn Ally McBeal. „Ég var undir svo miklu álagi, ég vann 15 tíma á dag og þurfti síðan að takast á við að þátturinn var að hætta, en hann var hreinlega líf mitt. Ég byrjaði að svelta mig og æfa of mikið og fór illa með líkama minn. Ég fann mér sennilega bara ekki tíma til að borða.“



MISCHA BARTON AÐ SLUGSA



Orðrómur er í gangi þess efnis að Mischa Barton, sem er títugt, sé að reyna að láta reka sig frá sjónvarpsþættinum The O.C. með því að mæta sífellt of seint og hringja sig inn veika trekk í trekk. Mischa, sem leikur dekurrfönu ráðviltu Marissu Cooper, hefur víst verið hrædd um að vera stimpluð sem táningsdekurdrós og hefur áhyggjur af því hve áhorfið hefur minnkað frá fyrstu þáttaröðinni en á undanförunum mánuðum hefur áhorfið dottið niður úr 10 milljónum niður í 5,4. „Hún er pottþétt að gæla við að hætta en helsta vandamálið er að hún tekur vinnuna sína ekki alvarlega,“ segir heimildarmaður. Mischa er því ekki vinsælust á settinu þessa dagana.



KÆRÐ ÚT AF KJÓLNUM

Leikkonan mjóróma Melanie Griffith hefur verið ákærð af fatahönnuðinum Niklas J. Palm fyrir að „gleyma“ að minnst á í viðtali að hann hefði hannað kjólinn sem hún var í á rauða dreglinum á Golden Globe-hátíðinni fyrr á árinu. Melanie sem eignaði sér heiðurinn af kjólnum sjálf sagðist síðar ekki hafa munað hvað hönnuðurinn hét. Hún er einnig kærð fyrir að neita að borga 1,8 milljónir króna fyrir dressið. „Hún lofaði mér athygli og umfjöllun sem peningar gætu ekki keypt og gleymdi síðan hvað ég heiti þegar hún var spurð hver hefði hannað þennan fallega kjól,“ sagði Palm sár.



BRÚÐKAUPIÐ LEYSTI EKKI VANDAMÁLIN

Eminem og Kim Mathers sem giftu sig 14. janúar síðastliðinn, í annað sinn, virðast ekki geta haldið vandræðum sínum fyrir sig frekar en fyrri daginn en Kim hringdi í útvarpsstöð í Detroit til að segja sögu sína eftir að Eminem sótti um skilnað þann 5. apríl.

Kim sagði í símtalinu að vandræði þeirra hefðu byrjað fyrir brúðkaupið þegar Eminem kom úr meðferð síðasta sumar vegna misnotkunar á svefnpillum. „Ég hélt það væri best að fresta brúðkaupinu en hann var ákveðinn og ég hélt að þetta myndi virkilega ganga hjá okkur í þetta skiptið.“

Kim og Eminem hafa ekki talast við í nokkrar vikur og sagðist hún hafa verið hissa

þegar skilnaðarpappírarnir bárust henni. „Ég vil ekki endilega skilja, ég var að vona að hann kæmi heim og segði að hann væri búinn að finna hjónabandsráðgjafa.“ Seinna sama dag sendi Eminem út yfirlýsingu þar sem hann svarar Kim.

„Smáatriðin varðandi bæði hjónaband mitt og ósk um skilnað eru einkamál. Ég vonaði að það myndi vera þannig fjölskyldunnar vegna. Það sem hún segir um vandræði mín eftir að ég kom úr meðferð er ekki satt og hún vissi að ég væri að sækja um meðferð. Við reyndum að gefa hjónabandi okkar annað tækifæri en komumst fljótt að því að brúðkaup leysir ekki vandamálin sem við eigum við að stríða.“

-25%

Við bjóðum þér
25% afslátt af
vinnu við smur



Vaxtalauser léttgreiðslur!

BÍLKÓ - Betri verð!

bilko.is

Smíðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

Páska sprengja

Rómantík.is
Hverfisgötu 62 Rvk.
Horninu á
Frakkastíg



Fram til 20 apríl fá allir sem versla fyrir 7.000.-
eða meira, korselett og diskinn
"Láttu fantasiurnar rætast"
FRÍTT með í kaupbæti.

Hot pink undir kjóll. Einn mest seldi og vinsælasti undir kjóllinn hjá okkur. Hann er áberandi bleikur að lit og kemur með nærbuxum. Kjóllinn er gegnsær og hefur stuðnings borða undir og yfir brjóstum. Hann er gerður úr teygjuefni og teygjst því mjög vel. Kemur í einni stærð. Verð áður kr. 6.995.-
nú **kr. 2.995.-**



FRÍTT



Elegant red sett. Nýtt mjög fallegt sett með haldara, streng og sokkböndum. Það er gegnsætt og með hjartamunstri. Kemur með "push up" spöngum. St: S-M-L og XL. Verð áður kr. 8.995.-
nú **kr. 2.995.-**



Fancy night set. Nýtt og sexy settið með buxum og efrifurt. Það er gegnsætt með blánda munstri efri og bleikum flottum dólum. Kemur í einni stærð sem teygjst mjög vel. Verð áður kr. 5.995.-
nú **kr. 1.995.-**



Fancy strengur. Vinsælasti og fallegasti meta strengurinn. Hann er gegnsær að framan og með fallegu banda munstri að aftan. Hann kemur í einni stærð sem teygjst mjög vel. Verð áður kr. 3.995.-
nú **kr. 995.-**



Kannin bíologur. Vinsælasti og sexý kaninbúningur. Kemur með kjól, kannu eyrum, erminum og hábandi með slöfu. Hann hefur satín áhrif og er teygjulegur. Kemur með: S-M-L-XL. Verð áður kr. 11.995.-
nú **kr. 3.995.-**



Páska kaffi fyrir þér. Í kaffinum er: 1 stk. höfranga, vissulest hjápartakíð fyrir þér 1 stk. cyberegg, 1 stk. smáðæm, 1 stk. tungur fyrir ekkandi. 1 stk. skafmál fyrir árfanga og 1 stk. 3D skípið og maddóla.
PÁSKATILBOÐ **kr. 9.995.-**



Cyberegg þú. Ein flottasta egg í dag. Egg þu hefur cyberból og er mjúkt vökum. Það hefur flökandi flipa og 5 ferilllingur á hraði. Þ.m.t. rýjan rýtna takti. Rafhláður fylgja. Verð áður kr. 5.995.-
nú **kr. 2.995.-**



Fífrétt. Vissulest ótrúlegt í dag. Það er úr cyber skinni og því einstaklega mjúkt vökuma. Það hefur ólar sem sem freta það ná kvæmlega á rittan stað. Fífrétt sem allar konur dreymt um. Fyllþrepa hraðastilling. Verð áður kr. 8.995.-
nú **kr. 4.995.-**



Höfranga. Vissulest hjápartakíð fyrir þér. Höfrangurinn hefur teygjulegan bring úr jellý efni og er með innbyggðu míni egg. Trúna flöpun óvar komuna. Á meðan veitir bringurinn herra mun meiri óvart. Fyllþrepa hraðastilling. Verð áður kr. 8.995.-
nú **kr. 4.995.-**



Jark Ráttit. Þetta er úr mest seldi í heiminum í dag. Þessi var í "Sex and the city" þitnum. Hann er 7". Mjúkur með kílum í mjólanum sem minst. Hann hefur átt egg með flöpun og tóbú hraðastillingu sem hefur að stjórna egginu sér með. Verð áður kr. 8.995.-
nú **kr. 4.995.-**



Delight titrari. Einn vissulest jellý titrari í dag. Hann 6" langur með óvandi kúlufipa nebi. Hann er mjúkur og hefur er að beygja hann efr þörfum. Fyllþrepa hraðastilling. Vinsælasti hjá 18-25 ára konum. Verð áður kr. 3.995.-
nú **kr. 2.995.-**



Passion smókrém. Unaði og óvartur kemur fyrir konur. Það hefur óllaga rýja formúlu sem gefur ein meiri virkni. Það er algenglega náttúrulegt og hefur milt cherry bragð sem gerir ísterleikina ein meira óvandi. Verð áður kr. 3.995.-
nú **kr. 1.995.-**



3D skípið. Meit seldi skípið í heiminum í dag. Það er sílikon blandað sem gerir það mánalega þykkt. Það klíttast ekki og stöðv er að þetta það af með vami. Það er einnig óháðri þróð og hefur líka vel sem maddóla. Verð áður kr. 2.995.-
nú **kr. 1.995.-**

Rómantík.is S: 586-8500 Opið: Virka d. 12-20 Laug. 12-17 Skírd. 12-18

SJÓNVARPSSTJARI

Meistarakokkurinn Sigurður Hall hefur gaman af starfinu sínu

Það er allt gott af mér að fréttu, ég er hérna í miðju kafi að taka á móti gestum á veitingastaðnum mínum og svo var sýningunni Food & Fun að ljúka," segir meistarakokkurinn Sigurður Hall sem er landsmönnum að góðu kunnur. „Svo er ég að fara að kynna Ísland í Kanada núna eftir páskana. Verð þar í tveimur sjónvarpsþáttum að kynna land og þjóð. Ég var í þremur þáttum þarna í haust og er alltaf tekið voðalega vel í Kanada," segir Sigggi sem er aðallega að elda og tala við kanadíska sjónvarpsmennina. „Svo er ég mikið í amerísku sjónvarpi þessa dagana. En frægðin er ekkert aðalatriðið í þessu," segir Sigggi og skellir upp úr.

Sjöunda árið

Sigggi segir að aðallega íslenski fiskurinn fáist í Kanada en lambakjötíð hafi ekki náð fótfestu þar líkt og í Bandaríkjunum. „Svo erum við að fara að nálgast sjöunda árið hérna á veitingastaðnum hjá mér. Minn stærsti kunnahópur er Íslendingar og útlendingar sem hafa áhuga á gæðamat. Þetta er ekkert snobb heldur bara vel gerð matreiðsla úr besta hráefni í heimi, sem er íslenskt kjöt, fiskur og mjólkurafurðir," segir Sigggi sem er á leið á Food & Fun sýningu í Ameríku í haust og jafnvel í Rússlandi.

Með gott lið í kringum sig

Meistarakokkurinn er mikið erlendis en reynir að vera eins stutt í einu og hann getur. Veitingastaðurinn hans heitir einfaldlega Sigggi Hall á Hótel Óðinsvé og er algjörlega aðskilinn rekstri hótelsins.

„En þetta er náttúrulega sama dæmið. Við erum ein stór fjölskylda sem reynir að sinna hótलगestum,

hvort sem það er um herbergi með rúmi eða mat með góðu víni," segir Sigggi sem er með úrvalslíð í kringum sig. „Ég er með mjög gott lið, bæði í þjónustu og í eldhúsi þar sem við erum sjö. Þegar maður hefur verið lengi í þessu fagi, þá verður þetta ekkert strembið."

Slappar af á skíðum

Þegar aðrir eru í fríi eru kokkararnir að vinna. „Svo erum við líka að vinna þegar aðrir vinna," segir Sigggi sem á mörg áhugamál tengd starfi sínu. „Ég fer mikið á veitingastaði og borða góðan mat með finum vínunum sem ég hef gaman af að þæla í. Svo reyni ég að fara til Ítalíu í gott frí einu sinni á ári og á skíði ef ég kemst. Annars er það bara hefðbundin slökun, eins og að fara á internetið eða glápa á sjónvarpið, sem er reyndar yfirleitt mjög seint á kvöldin."

Glaður og ánægður

Sigggi er mikill áhugamaður um góð vín og segist eiga sæmílegt safn. „Það er alltaf að bæstast við það og síðan er ég með mikið af finum vínunum sem ég ber á borð á veitingastaðnum og er alltaf að bæta og breyta þeim."

Sigggi segist yfirleitt kaupa 2–3 flöskur af góðu víni til þess að eiga. „Ef maður er með einhverjum, þá vill maður láta þetta duga í allavega tvö glöfs á mann. Svo eftir því sem þau verða dýrari og finni, þá geymir fólk þau uppi í hillu og tímir ekki að drekka þau, þó það eigi náttúrulega að drekka vín," segir Sigggi sem er þakklátur því hvernig fólk hefur tekið honum í gegnum tíðina. „Það er alltaf yndislegt að standa í veitingarekstri þegar manni er tekið svona vel, þá verður maður ekki taugabílaður og stressaður heldur glaður og ánægður."

Flottur Sigggi er að fara til Kanada að kynna land og þjóð eftir páska.



Gott starfsfólk Sigurður er þakklátur fyrir að vera með gott starfsfólk í þjónustu og eldhúsi.



RNA Í AMERÍKU

**Meistara-
kokkur!**

**HVAÐ
ER AÐ
FRÉTTA?**

„Ef maður er með einhverjum, þá vill maður láta þetta duga í allavega tvö glös á mann. Svo eftir því sem þau verða dýrari og fínri, þá geymir fólk þau uppi í hillu og tímur ekki að drekka þau, þó það eigi náttúrulega að drekka vín.“

Meistarakokkur

Sigurður Hall hefur rek-
ið veitingastaðinn sinn
á Hótel Óðinsvéum í
rúm sex ár.



-25%

AFSLÁTTUR AF
**sumar-
dekkjum**



-25%

AFSLÁTTUR AF
**vinnu
við smur**



**Ótrúleg
tilboð!**

á
**jeppa-
dekkjum**

BÍLKÓ
bilko.is

- Betri verð!

Smíðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

Vaxtalausar léttgreiðslur!



Meira fyrir minna!

Bíll frá kr. **1.950** á dag*

HASSO

Car-rental

Hasso Ísland - Smíðjuvegi 6, rauð gata, sími 555 333 0

*Verð er án kílómetragjalds.

Tel: **555 333 0**

LÍFSSTÍLL

Netbankinn, í samstarfi við ABC barnahjálpar og Barnaland, hefur sett á markað nýja tegund greiðslukorta, svokölluð góðgerðarkort sem ætluð eru til að safna peningi fyrir barnahjálpinu. Þetta eru bæði debet- og kreditkort og mun ágóðinn af færslugjöldunum renna til ABC barnahjálpar. Unnur Birna Vilhjálmstöddir, ungrú heimur, og Helga Braga, sem er fósturforeldri barns í Austurlöndum, fengu afhent fyrstu kortin í Smáralind um helgina og nokkrir hressir krakkar úr Austurbæjarskóla sungu með þeim skvísium og höfðu gaman af.

Ungrú heimur Unnur Birna ásamt krökkunum úr Austurbæjarskóla.

Góðgerðarkort til styrktar ABC barnahjálpar

UNGRÚ HEIMUR SÖNG MEÐ KRÖKKUNUM



Fósturbarnið Helga Braga með mynd af fósturbarni sínu.

Fyrstu kortin Unnur og Helga Braga tóku við fyrstu kortunum hjá Soffíu, markaðsstjóra Netbankans.

Spenntir Krökkunum þótti gaman að hitta Unni Birnu.

Úrslitin ráðin í Idol - Stjörnuleit



HVÍTI KÓNGURINN SIGRAÐI ÖRUGGLEGA


Flott í bleiku Heitustu stuðningsmenn Snorra voru skrautlegir.



Spenna Snorri og Ina bíða eftir úrslitunum í sófanum.



Snorri Snorrason er Idolstjarna Íslands árið 2006. Eftir magnaðan úrslitabátt sigraði hann Inu Valgerði frá Húsavík með nokkrum prósentum atkvæða. Snorri fór um víðan völl, söng Robbie Williams, Hollies og frumsamið lag eftir John Reid og Óskar Pál Sveinsson. Úrslitabátturinn var stórglæsilegur og ekkert til sparað. Flípaði Þjóðverjinn Benedikt Van Hoof var kosinn eftirminnlegasti keppandinn. Söng hann Abba-lagið So I say thank you for the music við mikinn fögnuð áhorfenda. Heimildir Hér & nú herma að Snorri hafi verið langefstur í símakosningunni allan tímann. Hafi yfirleitt verið efstur og því átt þetta svo sannarlega skilið. Yfir 100.000 atkvæði bárust og var haldið mikið parti eftir keppnina. Ljósmyndari Hér & nú var að sjálfsögðu á staðnum og náði að mynda stemminguna. Hér & nú óskar Snorra Snorrasyni innilega til hamingju með titilinn Idolstjarna Íslands.



Dómararnir Bubbi, Sigga, Páll Óskar og Einar Bárðarson.

Idolstjarnan Snorri
var ótvíræður sigurvegari kvöldsins.

Enginn halloki!

Massaður
Alexendar Aron
var að sjálfsgöðu
mættur á úrslitin.

Ánægð Snorri og
Inga Þóra, kona
Idolstjörunnar.

Áfram Snorri! Þeir
voru fjölmargir, stuðningsmenn Snorra í Smáralindinni.

Glæsileg
Inga Þóra var
stórglæsileg í
stúkunn.

Framhald á næstu opnu





Nylon Stelpurnar í Nylon voru að sjálfsgöðu mættar á úrslitin.



Sætar Ragnheiður Sara, Angela og Margrét brostu sínu breiðasta.



Hildur Vala Ídól-stjarnan 2005 tók lagið á úrslitunum.



Þriðja sætið Briet Sunna brosti þrátt fyrir að hafa misst af úrslitapættinum.



Gleði Jón Helgi, tengdapabbi Snorra, fagnaði vel og lengi.



Höfundarnir Óskar Páll Sveinsson og John Reid sömdu lagið sem keppendurnir fluttu báðir.



Vinirnir Vinir Snorra létu sitt ekki eftir liggja í stuðningnum.

Flippaður Benedikt Van Hoof var valinn eftir-minnilegasti keppandinn.



Flottir Simmi og Jói ásamt Páli Óskari eftir keppnina.



Brjálað að gera Briet Sunna gaf nokkrar eiginhandarárítanirnar.



Nana Sem komst í tólf manna úrslitin mætti eldhress.



Poppstjarna Íslands Ingó frá Selfossi er flottur gaur.



Sætar Stelpurnar sem tóku þátt í Idolinu brostu sínu breiðasta.



Sigurlagið Snorri tók Idollagið í lokin.



„OKKUR ER EKKI RAS

Stúlknasveitin Nylon tók upp myndband við fyrstu smáskífunu fyrir Bretlandsmarkað í Vík í Mýrdal. Kuldaboli mætti á svæðið og einnig Hér & nú.

Það er rosalega, rosalega kalt,” segja Nylon-stelpurnar allar í kór þegar blaðamaður Hér & nú stingur nefinu inn í hljómsveitar-rútuna þar sem þær eru að ylja sér.

„Þetta er voðalega líkamlega erfitt en þetta er bara svo skemmtilegt að manni er alveg sama,” segir Steinunn Camilla eldhress.

Stúlkurnar lögðu af stað til Víkur í Mýrdal aðfaranótt þriðjudags í síðustu viku til að taka upp myndband við lagið Losing a friend sem mun koma út í Bretlandi í byrjun júní. Lagið er ljómandi falleg ballaða sem fjallar um vináttu og sorg.

Kuldaboli, hvað?

Stúlkurnar þurftu að taka á honum stóra sínum því að kuldaboli var á svæðinu. Það var skítakuldi og hörkurok en stelpurnar létu það ekki á sig fá og gleðin hreinlega skein úr augum þeirra. „Það sem gerir þetta svo yndislegt er hvað fólkið á settinu er frábært. Það er hugsað svo

vel um okkur og þetta er allt svo fagmannlega unnið. Þetta er æðislegt, án efa skemmtilegasta ævintýrið okkar hingað til,” segir Alma. Síðan kemur maður úr tókuliðinu með talstöð. Kominn tími til að drífa sig út í kuldann í meiri tókur.

Stelpurnar syngja á Wembley

Stúlkurnar halda á næstunni til Bretlands þar sem þær munu fara á hljómeikaferðalag með Westlife og syngja fyrir hundruð þúsunda æstra aðdáenda. „Það er ótrúlegur heiður að vera boðið að hita upp fyrir Westlife og við erum rosalega spenntar,” segir Alma á vefsíðu stelpnanna, nylon.is. „Hlutirnir gerast svo hratt að það er ótrúlegt. Við eigum örugglega eftir að missa’ða þegar við stígum á svið á þessum risaleikvöngum.”

Já, hlutirnir gerast svo sannarlega hratt hjá þessum lífsglöðu og fallegu stúlkum sem eru þessa stundina, án efa, Íslands bjartasta von.



Spáð og spekúlerað

Ragnar Agnarsson leikstjóri og súperumboðsmaðurinn Einar Bárðarson ræða málin.



Túra með Westlife Stelpurnar eru spenntar fyrir Englands-ævintýrinu þar sem þær munu spila með heimsfræga strákabandinu Westlife.

Alls ekki fallinn

Einar Bárðarson hlýjar sér í bílnum sínum og fær sér sóðavatn.

Dugnaðarforkar

Stelpurnar sungu af öllu hjarta þrátt fyrir illviðrið. Þarna voru þær að kalla: „Okkur er ekki rassgat kalt!”



Myndir og texti: Ragnar Pétursson

SGAT KALT!"

Kuldaboli!

Nylon í náttúrunni

Stúlkurnar voru
stórglæsilegar og gáfu
Kuldabola langt nef.

**Framhald á
næstu opnu**





Nylon-fegurð Alma og Emilía voru vægast sagt gullfallegar þrátt fyrir rokið.



Fylgja hvert fótmál Þessir herra menn hafa verið að gera heimildarmynd um Nylon frá því í september í fyrra.



Ekki heldur fallin Alma hlýjar sér í bílnum hans Einars.

Engin frihelgi á sumrin Pétur hefur keyrt Skímó, Írafár, Stjórnina og marga fleiri listamenn enda á hann hvorki meira né minna en tvær hljóm-sveitarrútur.



„...og hvergi skjól að fá“ Öldurnar við Reynisdranga voru svakalegar og Drangarnir hálfpartinn ógnvekjandi í baksýn.

Knúúúú!

NYLON MYNDBANDIÐ

Heppnir knúsmenn
Stúlkurnar höfðu menn tilbúna að ylja sér á milli taka. Í baksýn gnæfa Reynisdrangar upp úr ólgandi hafinu.



Fleti drottningar
Stelpurnar lögðu af stað til Víkur klukkan fjögur um morguninn en gátu lúllað í kojum á leiðinni.

Klár „klappari“ Frasar eins og „klappa“, „roll film“, „gaffa“ og „grip“ flugu um loftið á tökustað enda ekki um neina aukvísu að ræða.



Kaffið til bjargar
Steinun yljar sér á kaffibolla.



Fall er fararheill
Klara hrasaði þegar hún steig út úr fatabílunum en henni varð sem betur fer ekki meint af.

„Og einn Extra“ Emillía kaupir sér brjóstsykurspoka og tyggjópakka í Víkurskálanum.

Dúnúlpur ekki í tisku
Ryan hárgreiðslunill-ingur var að krókna úr kulda á Sandinum, en flottur var hann.

Fallegt bros
Emillía brosir blítt enda úttökurnar brátt á enda.




Glæsileg!

Árshátíð NTC í Prastarlundi

FLOTTASTA FÓLKIÐ

Í FLOTTUSTU FÖTUN



Kóngurinn Svava og Matti, söluhæsti söllumaður Sautján.



Rapparinn MC Gauti var eldhress með hatt og einn kaldan.



Vinnufélagar
Það var mikið hlegið og grínast á árs hátíð NTC.



Nýklyptur
Kobbi og Grímur voru sjóðandi heitir á árs hátíðinni.



Sjóðandi Jón, Haddi og Johnny English, einn heitasti karlmaður landsins í dag.



Glæsileg Matti, Pattra og vinkona þeirra voru í sínu fínasta þússi á árs hátíðinni.

NTC-tískuverslanakeðjan sem meðal annars rekur Sautján, Kúltúr, Deres og Centrum hélt árs hátíð um síðustu helgi. Var haldið austur fyrir fjall á nokkrum langferðabifreiðum. Ekið var í gegnum hverasvæði og framhjá Ingólfsjalli, alla leið í Prastarlund. Starfsfólk tiskuvöruverslananna er stórglæsilegt og alltaf í flottustu fötunum. Það klikkaði heldur ekkert þetta kvöldið. Hörkudjamm og rifandi stemming í Prastarlundi.

NUM

HVÍTI KÓNGURINN





TIL HAMINGJU SNORRI!

hér & nú

Læknar og verkfræðingar framtíð-
arinnar í MR klæddu sig í búninga og
djömmuðu vel og vandlega áður en
alvaran tekur við og prófin byrja.

ELDHRESS Á DIMMISJÓN



Lick it up! Einn
eldhress í Kizz-
múnderingu.



**Sjáið hvað ég
er sæt** Þessi
var flott í satíni.

Útskriftarnemar úr MR slettu ær-
lega úr klaufunum í dimmisjón
á föstudaginn. Sprellið hófst
klukkan sex um morguninn og stóð
yfir langt fram á nótt hjá mörgum. Hér
& nú kíki á búningana þar sem krakk-
arnir voru að taka sér pásu frá sprellinu
á Pizza Hut. Krakkarnir voru í frumleg-
um og skemmtilegum búningum sem
endranær og mátti meðal annars sjá
þar Svarta manninn með afró, Kizz-
rokkara og prest sem minnti skugga-
lega mikið á Adolf Hitler.



Nasistaprestur?
Þessi prestur
minni óneitanlega
á Adolf Hitler.



**Allra þjóða kvik-
indi** Þessar voru í
gerfi Kinverja.

**Svarti maðurinn
mætti** Þessir voru
í stuði enda með
ískaldan bjór.

Gæðahreinsun – góð þjónusta Þekking • Reynsla • Þjónusta

Skýrtupvottur / Dúkapvottur / Heimilisþvottur

Hreinsum einnig sængur

Opið

mán-fim 8:00 - 18:00 • föst 8:00 - 19:00 • laugardaga yfir vetrartíma 10:00 - 13:00



Helga Möller segir sögur úr bransanum

SKÓRNIR URÐU EFTIR



Eurovision Pálmi Gunnars, Helga Möller og Eiríkur Hauksson.

Geirmundur Var með sjóv á Akureyri þar sem Helga flaug á hausinn.

Ómar Ragnarsson Var með Helgu á Hótel Sögu þegar hún datt á hausinn.

Ég hef alltaf verið svolítill hrakfallabálgur í gegnum árin í þessum bransa,“ segir Helga Möller sem er með tvær „dettusögur“. „Fyrir nokkrum árum var ég að syngja í sjóvi á Hótel Sögu með honum Ómari Ragnarssyni og Raggi Bjarna var þarna líka. Hemmi Gunn var kynnrir og sviðsmyndin var svona inngangur inn á sviðið sem hafði verið sérstaklega smíðaður fyrir sýninguna. Eini gallinn var rífa í gólfinu rétt áður en þú fórst inn á sviðið sem ég var búin að hugsa um allan veturinn,“ segir Helga sem átti eftir að kynna þessari rífu.

„Eitt skiptið var fullt hús af fólki og sýningin búin. Þá er Hemmi að kalla okkur inn á svið eitt í einu. Ég var þarna í pinna-hælum og svartri dragt, rosa-lega flott, og kom hlaupandi inn á svið. Þá festi ég báða hælana í rifunni og kom á maganum inn eins og ég væri að stinga mér til sunds, skórnir urðu eftir og ég á maganum,“ rifjar Helga upp og springur úr hlátri.

„Hemmi náttúrulega missti sig gjörsamlega og sagðist

aldrei hafa séð aðra eins innkomu. Ég stóð upp og brosti mínu breiðasta, í sundurtættum sokkabuxum og það blæddi líka. En ég hugsaði bara „the show must go on“ en var svo draghólt í marga daga á eftir.“

Datt á Geirmundi

En þetta var ekki í eina skiptið sem Helga datt. „Við vorum með Geirmundarsjóv á Akureyri og það var allt byggt svona upp með pöllum. Ég var að syngja eitthvert svakalega fallett lag og átti að labba svona niður pallana en áttaði mig ekki á því að einn pallurinn var í svona þríhyrning þannig að ég steig fram af og rúllaði niður í miðju lagi,“ segir Helga sem þó stóð upp en hélt hún væri fótbrotin.

„Þá stóð ég bara á annarri löppinni eins og hann þarna í Jethro Tull og kláraði lagið. Ég hafði lent fyrir framan fullorðinn manni sem var með angistarsvip og vissi ekki hvort hann ætti að taka mig í fangið eða hvað. Svo kláraðist lagið og ég var borin út af sviðinu.“

Fór að hágráta

Helga Möller varð amma núna í október sem er þvítík upplifun að hennar sögn. „Ég hefði aldrei trúað því að þetta væri hægt, að barnið manns myndi eiga barn. Fæðingin var á föstudegi og ég átti að syngja í afmæli verzlunar í Hafnarfirði um kvöldið með honum Magga Kjartans,“ segir Helga en veðrið var svakalega leiðinlegt þennan dag.

„Ég fór beint af fæðingardeildinni í Hafnarfjörð að syngja í geðshreringu eftir þennan stórkostlega viðburð. Það hafði frést að ég væri amma og allir voru að óska mér til hamingju,“ rifjar Helga upp en fyrsta lagið á dagskránni var Ó borg mín borg sem Haukur Morthens gerði ódauðlegt á árum áður. „Aftarlega í laginu er setning sem segir: „Því að hér fæddist lífs míns ljósi draumur, eitt lítið barn og það var ástin mín.“ Og ég bara fór að hágráta í miðju lagi og var með ekkasog og gat ekki

klárað lagið.“

Um páksana ætlar Helga að vera á Spáni að spila golf í sólinni. „Ég hvet alla til þess að fara í þessa ferð, sem er á vegum Heimsferða.“

Raggi Bjarna Söng með Helgu þegar hún datt á rassinn.

BRANSASAGA

OG ÉG Á MAGANUM

„Þá stóð ég bara á annarri löpp-inni eins og hann þarna í Jethro Tull og kláraði lagið.“



Ömmubarnið
Helga og litli ömmustrákurinn, Jóhann Georg.

Helga Möller Er gjörn á að detta á sviðinu.

SMART SÖNGKONA

Rósa Birgitta Ísfeld kaupir fót í „second hand“ búðum

Rósa Birgitta Ísfeld, plötusúður og söngkona, á stóran og skemmtilegan fataskáp og leyfði okkur að gægjast aðeins í hann.

Rósa, sem notar mikið bæði notaða og nýja kjóla, er dugleg að bera hatta og skemmtilega fylgihluti. Hún er líka óhrædd við að farða sig öðruvísi en aðrir sem er virkilega hressandi. Hún er alltaf flott á sviði þegar hún syngur með hljómsveitinni sinni, Sometime, og er þá iðulega í kjól. Hún sýnir okkur hér uppáhaldskjólana sína og flotta fylgihluti.



Sjúklega flott gleraugu Þau eru notuð og fékk Rósa þau gefins frá vini sínum. „Hann Tommi vinur minn á ótrúlegt safn af alls kyns dóti, það er rosalega gaman að gramsa í því.“



Eins og hefðarfrú Þennan hatt fékk vinkona Rósu í Rokki og rósum.



Hattasjúk Þessi hattur er úr Fríðu Frænku. Hvaða kvikmyndastjarna á miðri síðustu öld hefði sómt sér vel með þennan.

Fékk kjólinn gefins „Þetta er brúðarkjöll en ég hef aldrei notað hann, ætli ég verði ekki einhverri tíma í honum þegar ég er að syngja.“



Bomba Ótrúlega fállegur, plísieraður, grænn kjöll með gullbelti. Rósa keypti þennan í Plastikk.

SOMETIME



Veski Ási fatahönnuður, sem sér um búningana fyrir Silviu Nótt, gaf Rósu þessa fallegu tösku sem er úr Spútník.



Flottir hanskar Með semelíusteinum. Rósa fékk þá í Spútník.

Uppáhaldskjöllinn „Ég fékk hann í Spútník. Ég nota hann bæði hversdags og þegar ég vil vera fín.“

fataskápurinn

Tantraparið Ingibjörg R. Þengilsdóttir og Jón Jóhann Jóhannsson eiga skemmtilega ástarsögu

EIGNUÐUST HVOLPA Á FYRSTA DEITI

ALVÖRU
FÓLK

„Ég stekk upp og segi: Við giftum okkur bara. Snæfellsnes, prestur og við þarna, þetta er fullkomið.“

Brúðkaupið Fór fram undir berum himni á Snæfellsnesi.

ALVÖRU FÓLK

Páfagaukurinn Heidi er gáfaður og fyndinn fugl. Hún talar, á óvini, leggur sig á bakinu, lætur múta sér og fer sjálf á klóið.

FYNDNASTI PÁFAGAUKUR ÍSLANDS

Hún heitir Heidi,“ segir Hjalti Hjalmarsson sem á páfagaukinn. „Ég keypti hana í Mosfellsbænum. Þeir fengu stóra sendingu af Afrikan Gray-páfagaukum frá Danmörku. Svona páfagaukar kosta um það bil 200.000 krónur. Ég fékk Heidi á 70 þúsund með búi. Hún var seinasti fuglinn í búrinu og var búin að reyta sig nærri því algerlega, var varla með neina vængi og eiginlega bara húð. Svo var hún líka ótamin.“

Hjalti hófst strax handa við að temja fuglinn. „Það fyrsta sem hún sagði var „mjá“. Hún var sem sagt að kópera orðið „já“ en mismælti sig eitthvað og hefur sagt þetta síðan. Svo gæltir hún líka. Sérstaklega á fólk sem henni er illa við. Núna segir hún Hjalti, og Helga sem er nafn systur minnar, halló, og skíta.“

Fer sjálf á klóið

„Það gerist oft með páfagauka að

þeir skíta á axlir á fólk og það er ekkert gaman. Ég er búinn að temja hana þannig að þegar ég segi „skíta“ þá gerir hún það. Ég segi þetta við hana áður en ég teka hana út úr búrinu. Það heyrir sérstakt hljóð í henni þegar hún þarf á klóið og þá held ég henni yfir ruslinu eða klósettinu og segi „skíta“ og hún gerir það. Hún segir samt oft „skíta“ bara upp úr þurru. Það er svoltið sérstakt.“

Hatar vininn

Heidi velur sér óvini. „Einn vinur minn rakst óvart í hana þar sem hún sat á hurðarhúni. Hann tók ekki eftir henni þegar hann ætlaði að opna. Hún hefur munað þetta atvik síðan. Alltaf þegar hann kemur í heimsókn flýgur hún upp á skáp eða eitthvað og laumupokast og læðist dágóða stund. Svo tekur hún sig til og steypir sér á hann, goggar í hausinn á honum og flýgur

svo í burtu. Þetta er eins og filarnir, þetta man.“

Vinur fyrir lífstíð

Sagt er að þessir páfagaukar séu með greind á við 6 ára barn og tilfinningagreind á við 2 ára en það þarf að þjálf þá og voru fyrstu skrefin í þálfuninni erfið. „Ef ég kom í innan við tveggja metra radius frá henni byrjaði hún að öskra á mig þannig að ég þurfti að standa klukkutímum saman í tveggja metra fjarlægð. Og ég þurfti að gera þetta og mjaka mér hægt og rólega nær henni. Eftir nokkrar vikur var ég kominn inn í búrið og þá var þetta komið. Þetta var alveg rosaleg vinna.“

Heidi á að öllum líkindum eftir að lifa í fjörutíu til sextíu ár. „Hún er ekkert eins og einhver gullfiskur. Hún er lífsförunatur.“




Anægð með eigandann
Fuglinn er af gerðinni African Gray Timneh og var einn eftir í búrinu og orðinn frekar leiður þegar Hjalti keypti hann.




Gott í gogginn

Heidi er mikill matgæðingur og vill þiggja borgun fyrir að skemma fólk.


STURLUN HÁKONAR EYDAL




Stórholt 19
Fyrstu högginn lentu á höndum Sri þar sem hún reyndi að verja sig fyrir árásinni en eitt höggið lenti á höfði hennar, hún hneig niður og vaknaði ekki aftur.



Rannsóknin Umfangsmikil rannsókn fór fram í kringum málið sem fylgst var vel með í fjölmiðlum.



Sri Rahmawati
Var myrt af barnsföður sínum og fyrrverandi sambýlismanni.



Tilraunir Lögreglan bjó til rekald svipað því sem Hákon sagðist hafa hent fram af klettunum.

Sunnudagsmorguninn 4. júlí árið 2004 var framið hrottalegt morð í Stórholti í Reykjavík. Iðnaðarmaðurinn Hákon Eydal myrti þá barnsmóður sína, Sri Rahmawati, eftir að upp komu deilur um forræði yfir dóttur þeirra. Fyrst var málið rannsakað sem mannhvarf, en eftir að nýjar vísbendingar komu fram breyttist það í morðrannsókn. Hákon var tvisaga í málinu og leiddi lögreglu ítrekað á ranga slóð. Líkið fannst loks í sprungu rétt fyrir utan Hafnarfjörð, illa leikið.

„Hún sagði mér frá draumi sem ásótti hana. Hana dreymdi afa sinn sem tigrisdýr og var mjög hrædd,“ sagði einn kennara Sri Rahmawati í júlí árið 2004. Ungrar konu sem komið hafði hingað til lands árið 1998 en var nú saknað. Sri hafði síðast sést nokkrum dögum áður með barnsföður sínum og fyrrverandi sambýlismanni, Hákon Eydal.

Fljótlega breyttist mannhvarfið í morðrannsókn. Nágranni hafði séð blóðpoll í vinnubil Hákonar, sem var harðduglegur múrari í Reykjavík.

Lögreglan fann einnig blóðbletti á heimili Hákonar í Stórholti í Reykjavík. Annað vitni sagðist hafa séð Hákon bera stóran, svartan ruslapoka út í bíl á sunnudagsmorgni og var hann úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna þessara vísbendinga auk þess sem sannað þótti að hann hefði margoft beitt barnsmóður sína ofbeldi.

Hákon játar

Eftir 14 daga gæsluvarðhald og grafarþögn Hákonar, fékk lögreglan staðfestingu á að blóðið í íbúð hans væri úr Sri Rahmawati.

Nokkrum dögum síðar játaði Hákon að hafa orðið barnsmóður sinni að bana. Sagðist hafa myrt hana í íbúð sinni og hent henni

fram af klettum við Hofsnæs á Kjalarnesi.

Hákon brotnaði saman í yfirheyrslum og sagðist hafa sturlast þegar Sri hótaði að hann fengi ekki að umgangast dóttur þeirra framar. Þá hafi hann barið hana með kúbeini. Atlagan var slík að blóð spýttist upp um vegg og loft. Ljóst var að fórnarlambið hefði ekki getað lifað af.

Hákon sagðist hafa sett líkið í stóran, drapplitaðan, sænskan póstpoka úr næloni. Gerðar voru tilraunir uppi á Kjalarnesi með álíka poka, en leitinn að líkinu bar engan árangur. Lögreglu fór fljótlega að gruna að Hákon væri enn með óhreint mjöl í pokahorninu.

Víku síðar viðurkenndi Hákon svo að hann hefði ekki hent líkinu fram af klettum á Kjalarnesi. Hann benti á sprungu rétt fyrir utan Hafnarfjörð, þar sem líkið síðan fannst.

Notaði kúbein

Fréttir af rannsókninni vöktu óhug í samfélaginu. Fjölmiðlar fylgdust vel með málinu og DV birti meðal annars viðtöl við vini og kunningja Hákonar og Sri. Sagt var frá kókaíneyslu Hákonar og ýmislegt dularfullt kom upp á yfirborðið. Eftir að líkið fannst var þó enn mörgum spurningum ósvarað. Síðar sagði Hákon frá því að hann hefði notið ásta með Sri nottina fyrir morðið. Sem framið var að morgni sunnudagsins 4. júlí.

Hákon bjó með föður sínum í Stórholtinu og eftir að faðirinn hafði yfirgefið íbúðina á sunnudagsmorgninum hófst heiftarlegt rifrildi um forræði dóttur þeirra. Rifrildið endaði með því að Hákon tók sér kúbein í hönd. Fyrstu högginn lentu á höndum Sri þar sem hún reyndi að verja sig fyrir árásinni en eitt höggið lenti á höfði hennar, hún hneig

OG DAUÐI SRI RAHMAWATI



Hákon Eydal Bar við sturlun og sagðist hafa verið beittur andlegu ofbeldi árum saman.

„Hákon lét ekki þar við sitja og hélt höggunum áfram með klaufarhluta kúbeinsins. Eftir að höggunum linnu tók hann taubelti og herti að hálsi barnsmóður sinnar, það var þessi gjörð sem leiddi til dauða Sri Rahmawati.“

niður og vaknaði ekki aftur. Hákon lét ekki þar við sitja og hélt höggunum áfram með klaufarhluta kúbeinsins. Eftir að höggunum linnu tók hann taubelti og herti að hálsi barnsmóður sinnar, það var þessi gjörð sem leiddi til dauða Sri Rahmawati.

Sturlaðist

Í viðtali við DV sagði Hákon Eydal frá því að Sri hefði beitt hann andlegu ofbeldi lengi. „Ofbeldið og óréttlætið var svo mikið og það sveið svo undan því. Ég er því miður enginn ofbeldismaður,“ sagði Hákon, og hélt áfram: „Því ef ég væri það, þá hefði ég stöðvað þessa vitleysu strax og tuskað kerlinguna til, þannig að hún hefði orðið hrædd og hætt þessum niðingshætti í minn garð og barnanna. Ég var allt of mikill aumingi og leyfði Wati að ganga allt of langt án þess að geta grip- ið í taumana.“

Sri Rahmawati átti þrjú börn og var vel liðin meðal þeirra sem þekktu til hennar. Hákon Eydal fékk 16 ára fangelsisdóm en hann reyndi að halda því fram að um sturlun hefði verið að ræða og því gæti hann ekki borið fulla ábyrgð á gjörðum sínum. Geðrannsókn leiddi þó annað í ljós.

Beltið sagðist hann hafa hert að hálsi hennar til að stöðva blæðinguna úr höfðinu en því var hafnað sem fráleitri útskýringu. Vegsummerki á morðstaðnum þóttu einnig sýna að ásetningur hefði legið að baki morðinu. Blóðslettur upp um alla veggi og blóðspor um alla íbúð. Hákon sagði atburði þessa örlagaríka sunnudagsmorguns vera nokkuð óljósa. Hann sagði þó frá því þegar hann bar líkið af Sri inn í sturtu þar sem hann hefði þríf- ið það áður enn hann setti það í poka og bar út í bíl.

Venjulegur góður maður

„Ég held að flestir Íslendingar líti á mig sem geðsjúkan mann sem myrta þriggja barna einstæða móður og ég ímynda mér að margir séu hræddir og vilji fá skýringar á því hvað gerðist og hvort þetta geti komið fyrir þá. Ég get sagt ykkur það að svona lagað gerist ekkert bara allt í einu, ég var búinn að láta alla vita að ég var að missa vitið, ofbeldið og óréttlætið var svo mikið að það sveið svo undan því,“ sagði Hákon Eydal í viðtali eftir að hafa verið dæmdur.

Hann sagði líka frá því að eftir að hafa reynt allar diplómatis- ískar leiðir, eins og hann orðaði það, hefði hann auglýst eftir skammbýssu og síðan keypt sér haglabýssu. „Hana hafði ég hugsað mér að teipa við höfuðið á Wati og við höndina á mér og fara niður á Austurvöll fyrir

framan Alþingi og krefjast þess að lögum um forsjá með börnum yrði breytt, þannig að báðir foreldrar fari með jafna forsjá með barninu sínu þegar það fæðist og það þurfi eitthvað mikið að gerast til þess að foreldri missi forsjá, til dæmis að annað foreldrið er staðið að því að beita barninu sem vopni á móti hinu foreldrinu.“

Lögreglan tók af honum haglabýssuna en aðhafðist ekkert frekar.

„Samkvæmt minni bestu vitund, þá var ég ósköp venju- legur, rólegur og góður maður áður en þessi ósköp dundu yfir, og ég vona bara að heimurinn sé ekki orðinn svo grimmur að menn þurfi að ganga í gegnum svipað og ég til þess að hægt sé að kalla þá karlmenn, það hlýtur að vera til einhver mýkri og betri leið en sú sem ég þurfti að feta.“

Sirry segir

Pipari þeir þurfa stundum að skreppa aðeins.

Sirry talar um reynslu sína af iðnaðarmönnum

Ég bið alla samviskusömu og heiðarlegu iðnaðarmennina sem þjóðin á afsökunar á þessum skrifum en svörtu sauðirnir í stéttinni eru allt of kræfir.

UM SIÐFERÐI Í VIÐSKIPTUM

Gáta:

Hver er munurinn á dauðanum og pípara?

Svar: Dauðinn kemur!

Þessi brandari hitti alveg í mark hjá mér þegar ég heyrði hann um daginn. Á meðan ég beið eftir iðnaðarmönnum, sem voru búinir að segjast ætla að koma eða hringja, velti ég því fyrir mér hvers vegna ímynd stéttarinnar er jafnslæm og raun ber vitni. Iðnaðarmenn eru vissulega jafnmisjafnir og þeir eru margir. En ég hef hitt á þó nokkra sem koma ekki á umsömdum tíma og láta ekki vita ef þeim seinkar. Og aldrei hef ég hitt iðnaðarmann sem segist bara einfaldlega ekki komast yfir allt sem hann hafi tekið að sér.

Misjafn sauður í mörgu fé

Ég á vini sem eru iðnaðarmenn og hef kynnst frábærum iðnaðarmönnum sem standa við allt sem þeir segja og klára verk sín með sóma. En það er misjafn sauður í mörgu fé og ég held að samtök iðnaðarmanna ættu að

taka rækilega til hjá sér ímyndarlega og taka í hnakkadrambið á þeim sem svarta ímynd þeirra. Sumir koma á staðinn til að kanna aðstæður, byrja aðeins að taka í sundur rör eða annað sem þarf að laga, skilja verkfæri eftir og segjast ætla að skreppa. Kannski til að sækja skrifur eða annað sem vantar. Og það liður og biður og ekkert gerist. Ég hef beið í 4 ár eftir pípara sem ætlaði að klára verkefni sem hann var kominn langleiðina með. Hann hafði fengið borgað en átti lítilræði eftir þegar hann þurfti að skreppa. Það eru liðin 4 ár.

Erfitt að segja nei

Ég hef kynnst fleiri pípurum sem byrja á verkefnum en hverfa svo og þegar maður nær í þá í síma hafa öll heimsins áföll dunnið yfir. Stundum hvarflar það að manni hvort þeir eigi ekki bara erfitt með að segja nei, taka of mikið að sér og afsaka sig svo með hinum og þessum sögunum.

Einn sem lagði steina og stéttar og fékk greitt út í hönd (svart og í seðlum eins og um var bedið) kom seint og um síðir að klára

verkið og skilaði því svo illa frá sér að það þurfti bara að taka upp eitt grasstrá til að steinarnir losnuðu upp. Frágangssleysið var því líkt að ég hugsa til hans daglega þegar ég horfi á steinana gliðna í sundur og renna til. Ég hef beið hann að koma og laga fráganginn og ég bið enn.

Iðnaðarmenn þurfa oft að skreppa aðeins

Það getur verið erfitt að ná í iðnaðarmann í síma og þegar maður nær í gegn fást oft þau svör að þeir komi á morgun, eftir helgi... Þarf ekki að kenna að segja „nei“ í lönskólanum? Og líka raunhæfa tímaáætlun, í þeim ágæta skóla?

Væri möguleiki að endurskipuleggja starfsemina og hafa til dæmis sendla sem sækja varahluti, hafa lager með í bílnum eða biðja verkkaupanda að sækja hlutina? Maður borgar jafnvel 3.000 krónur fyrir akstur iðnaðarmanns sem er að sækja varahluti og það geta liðið vikur áður en þeir skila sér til baka. „Við kunnum ekki við að fá annan til verksins þegar þeir eru byrjaðir og verkfærin þeirra

biða á eldhúsgólfinu,“ sagði vinkona mín við mig þegar hún var orðin langþreytt á að biða eftir iðnaðarmönnum sem „þurftu að skreppa“.

Tók dótturina í gíslingu

Eftir bitra reynslu finnst mér góð sagan af konunni sem tók dóttur iðnaðarmanns í gíslingu. Hann hafði byrjað á verki en þurfti svo að „skreppa“ og sást ekki aftur fyrr en ári síðar. Þá kíkti hann á aðstæður og ætlaði svo rétt að skutlast og sækja eitthvað sem á vantaði. Húsmóðirin á heimilinu tók þá dóttur hans í fangið og sagðist ætla að geyma telpuna hans hjá sér „rétt á meðan“.

Rafvirkinn sem varð hissa

Rafvirki sem byrjaði á verki heima hjá mér hvarf áður en verkinu var alveg lokið. Hann hafði þegar fengið greitt en birtist ekki aftur fyrr en ári síðar. Ég varð hissa þegar hann birtist eins og ekkert hefði í skorist og hann var hissa á að ég væri hissa! Það tíðkast yfirleitt ekki í öðrum störfum að menn hætti að mæta og dúkki svo bara upp ári síðar eins



Iðnaðarmaður Alltaf góð sagan af konunni sem tók dóttur iðnaðarmanns í gíslingu svo hann kæmi nú aftur til að klára verkið.



Andri Snær Magnason „Magnaður rithöfundur og hugsuður sem hefur vakið mig af værum blundi.“

PTUM

og ekkert sé eðlilegra. Ef fréttamaður kemur ekki á vaktina sína á réttum tíma, blaðamaður klárar ekki síðustu klausurnar í greininni eða kennari hringir ekki til að tilkynna forföll – þá eru þeir reknir.

Félagsheimili iðnaðarmanna

Hvers vegna leyfa sumir iðnaðarmenn sér að hafa alveg sína hentisemi? Það er vissulega þensla en það þarf ekki annað en senda SMS til að segjast vera á eftir áætlun eða hringja og láta vita að planið hafi breyst. Og „nei“ er betra en endalaus bið.

Ég heyrði konu segja, meira í gamni en alvöru, að iðnaðarmenn hlytu að hafa eitt-hvert athvarf, félagsheimili þar sem þeir halda til á daginn. Því þeir væru alltaf að skreppa eitt-hvað. Það getur reyndar ekki átt sér stað miðað við alla þá uppbyggingu sem á sér stað í landinu. En iðnaðarmenn geta vissulega notað símann sinn betur eða bent manni á að leita annað ef þeir eru of störfum hlaðnir.



Draumalandið

Þar sem ég er nú meira fyrir að dvelja við jákvæða hluti, þá langar mig að nefna nýja bók sem á hug minn allan um þessar mundir. Það er „Draumalandið. Sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð“ eftir Andra Snæ Magnason. Magnaður rithöfundur og hugsuður sem hefur vakið mig af værum blundi. Hann fer með mann í óvenjulegt ferðalag um íslenskan samtíma, og skoðar hlutina frá nýju sjónarhorni. Þetta er bók fyrir alla sem lesa blóðin og hafa einhvern snefil af áhuga á landi okkar, umhverfis- og atvinnumálum.

Þetta er eina bókin sem ég tími ekki að lána. Ég verð að lesa hana aftur og hafa við höndina þegar maður vill grípa niður í valda kafla. Ég mun því frekar kaupa eintök af bókinni fyrir vini mína sem vilja fá Draumalandið lánað. Lengi lifi hreint Ísland sem elur af sér skapandi fólk eins og Andra Snæ.



Hér & nú skyggnist á bak við tjöldin í súkkulaðiverksmiðju Nóa Síríus

EINS OG Á VERTÍÐ



Eins og á síldinni
Það er mikil stemning í namminu þegar páskaarnir nálgastr.

Það var handgangur í öskjunni í hjá Nóa Síríus þegar Hér & nú bar að garði enda vertíðin í súkkulaðibransanum í fullum gangi. „Þetta er eins og síldarævintýrin voru,“ segir Örn Ottesen skrifstofustjóri en hann hefur unnið hjá fyrirtækinu í fjölda ára. „Þetta er eins og síldarvinnsla á góðri vertíð. Það eru allir á fullu herna og mikil stemning, það er kallað: „Ungarnir búnir!“ og „Vantar meiri blóm!“ og fleira í þeim dúr því færribandið má ekki stoppa. Það er mikill hasar en mjög gaman.“

Egg fullt af peningum

Það kemur fyrir að fólk komi

til Arnar og biðji um að fá að setja eitthvað persónulegt inn í páskaegg, oftar en ekki eitthvað rómantískt. „Það gerist eiginlega á hverju einasta ári. Hérna um daginn kom einn með bunt af peningaseðlum og fékk að setja það inn í eggjö. Það þarf náttúrliga að passa að eggjö lendi ekki með hinum þegar svona er.“

Örn segir að það sé ýmislegt fleira sem fólk lætur sér detta í hug eins og farseðlar og demantshringar. „Svo var einn um daginn sem setti bónorð í páskaeggjö, handskrifaðan miða: „Viltu gjftast mér?“ Okkur finnst gaman að geta hjálpað fólk að gera eitthvað svona skemmtilegt.“

Tignarlegri ungar

Þrátt fyrir að páskaeggjö sé sígildur hlutur er reynt að breyta alltaf til þótt ekki séu það neinar dramatískar breytingar. „Ungarnir eru náttúrliga hefðbundnir, við erum að reyna að fá þá svona tignarlegri, fá skemmtilegri blóm og svoleiðis. Það er alltaf verið að reyna eitthvað nýtt.“

Eggin og innihaldið er að sjálfsögðu allt framleitt í verksmiðjunni en ungararnir eru erlendir. „Já, ungararnir og blómín eru ekki framleidd hér heima. Við fáum þá að utan. En pokarnir og topparnir eru gerðir hér.“

Kátir í namminu

Örn segir að starfsaldur

starfsfólksins í namminu sé oft mjög hár. „Það var að hætta hérna maður núna um áramótin sem var búinn að vera hér í 57 ár. Og ég veit um tvo sem unnu hér í 50 ár.“

Peir útlendingar sem vinna í namminu eru að sögn Arnar þrælduglegir og þryðisfólk. „Við erum meðal annars með Letta, Filippseyinga, Kinverja og Pólverja. Það eru svona sjö, átta þjóðarbrót að vinna hér. Þetta er mjög duglegt fólk og þeim líður mjög vel hérna og hafa margir þeirra í lengst hérna hjá okkur í fjölda ára.“

Brjóstsykursgerðin Nói

Fyrirtækið er gamalt fjölskyldufyrirtæki og hét uppruna-

Girnilegt Parna er fjótandi súkkulaðinu bunað í plastform.



Einmana Þessi ungi bíður eftir að félagar hans verði límdir á sín egg.

Mmmm...

Nýjasta nýtt Örn Ottesen hefur unnið hjá Nóa Sírius í meira en þrjátíu ár.



lega Brjóstsykursgerðin Nói. „Síðan var keypt súkkulaðigerðin Sírius frá Danmörku árið 1933. Þetta var rekið hvort í sínu lagi til að byrja með, Sírius lánaði súkkulaðið fyrst yfir til Nóa til að þeir gætu gert páskaegg. Síðan var þetta sameinað í Nóa Sírius árið 1978.

Ég man að þegar ég var lítill voru egg máluð og falin. Við vorum rosalega ánægð með þessi egg. Síðan fengum við bara smá súkkulaðimola. Það þótti okkur voða fínt. Þetta er orðið svo allt öðruvísi núna,“ segir Örn með glampa í augum.

Feitur Teitur

„Menn taka þessu með máls-

hættina svolítið persónulega. Ef fólk fær neikvæðan málshátt tekur fólk þessu eins og því sé beint til þess,“ segir Örn. „Ég man eftir einum sem var „Enginn verður af einum bita feitur nema Teitur“. Hann fékk hann þessi feiti Teitur og varð voða skúffaður. Það er eiginlega krafa frá neytendum að við séum með jákvæða máls-hætti.“

Örn segir að málshátturinn um hinn feita Teit sé löngu horfinn úr safninu. „Rannsóknarstofan okkar sér um málshættina alfarið, flettir þessu upp og setur þetta upp. Þetta eru örugglega um þrjú hundruð málshættir sem eru í gangi. Fólk hefur voðalega gaman af að fá málsháttinn sinn.“



Tignarlegir ungar

Þessir ungar mynda eins konar páskaheir-sveit í súkkulaðiverk-smiðjunni.

GUÐ HLÆR LÍKA

Presturinn Hjörtur Magni Jóhannsson prestur í Fríkirkjunni í Reykjavík.



Fermingar „En nú er það svo í fermingum og í altarisgöngum yfirleitt, að það sem skiptir máli er ekki efnin sjálf heldur merking þeirra.“



Nú þegar páskarnir eru gengnir í garð er ekki úr vegi að taka púlsinn á fermingunum sem eru í hverri kirkju. Fríkirkjupresturinn í Reykjavík, Hjörtur Magni Jóhannsson, sendi okkur skemmtilegar pælingar um fermingar, messuvín, oblátur og segir að Guð hlæi líka:

„Fyrir örfáum dögum voru sagðar fréttir á opinberum vettvangi af því að við fermingar í Fríkirkjunni í Reykjavík væri ávaxtasafi notaður í stað messuvíns og sérstaklega bakað brauð notað í stað þurra oblata. Skömmu síðar var mér sagt frá því af utanaðkomandi aðilum að ríkisprestar þjóðkirkjunnar væru sumir hverjir afar gramir og hneykslaðir á þessu helgihaldi okkar og að þeir þing-uðu nú stíft um málið. Þetta er

óheimilt, hrópar einn og kallar á alla biskupa sér til stuðnings. Aðrir ræða af íbyggni um hvort Jesús hafi í raun notað þúrtvín sem er nokkuð mörgum öldum yngra en sjálf Biblían.

Óvirkum drykkjumönnum dugir brauðið

En rétttrúnaðurinn lætur ekki að sér hæða. Ríkisprestarnir ræða einnig á háguðfræðilegum kaþólskum nótum um það hversu áfengt altarisvínið megi mögulega vera, hvort þurfi að blanda það með vatni og ef svo er, þá nákvæmlega í hvaða prósentuhlutfalli.

Síðan er það afar mikilvæg guðfræðileg spurning hvort þjóðkirkjuprestur eigi ekki sér á parti að klára úr bikarum allt það vín sem eftir er að athöfn lokinni. Þá komast sumir ríkisprestarnir að þeirri niðurstöðu

að alkóhól-laús drykkur við altarisgöngu fermingarbarna sé svo lélegur að hann spilli sjálfu sakramentinu og væntanlega ógildi það þar með! Óvirkum drykkjumönnum dugir brauðið eitt, segja þeir þyrstustu.

Almenningur vissi betur en þagði

En nú er það svo í fermingum og í altarisgöngum yfirleitt, að það sem skiptir máli er ekki efnin sjálf heldur merking þeirra. Það er ekki táknið sjálft sem skiptir meginmáli heldur sá æðri veruleiki sem táknið vísar til sem skiptir öllu máli. Fermingarbörnin vita þetta flestöll en ekki þessir ríkisprestar. Það finnst mér fyndið.

Þetta minnir mig á kirkjuþingin sem kirkjustofnunin hélt á miðöldum þar sem rætt var um hversu margir englar gætu

samtímis fengið sér sæti á einum tituprjónshaus. Kirkjustofnuninni sem drottnaði yfir lýðnum með harðri hendi þótti það verðugt umfjöllunarefni. Almenningur vissi betur en þagði.

Horft upp og fram á við

Að lokum mætti nefna upprisuhatíðina sem nú er framundan. Það sem skiptir máli þar er sigur ljóss yfir öllu myrkri, sigur lífs yfir dauða, sigur vonar yfir vonleysi. Við eigum ekki að velta okkur upp úr því hvar gröfin var sem líkami Jesús var lagður í, hversu djúp hún var eða hversu dimmt var í henni.

Í lífinu eigum við að horfa upp og fram á við. Ekki aftur á bak og niður á við. Meira að segja fermingarbörnin vita það og hlæja að öllu öðru. Guð hlær líka.“

Hjörtur Magni Jóhannsson, fríkirkjuprestur í Reykjavík

**Skemmtilegur
prestur!**

„Aðrir ræða af íbyggni um hvort Jesús hafi í raun notað þúrtvín sem er nokkuð mörgum öldum yngra en sjálf Biblían.“

Hjörtur Magni „Í lífinu eigum við að horfa upp og fram á við. Ekki aftur á bak og niður á við. Meira að segja fermingarbörnin vita það og hlæja að öllu öðru. Guð hlær líka.“

FRAMLEIÐIR ÍSLENSKA

Matreiðslumaðurinn Árni Björn Helgason er stórtækur í kvikmyndabransanum



Capone Búi og Andri úr Capone mættu í prufurnar.



Gunnir Óla Mætti galvaskur í prufurnar.



Gústi Pink Elli og Gústi stilltu sér upp en Gústi varð góður vinur Pink þegar hún var hér á landi.



Kristó Úr Lights on the Highway var góður í prufunum.



Brain Police Jenni kom sterkur inn enda einn besti rokk söngvari þjóðarinnar.

Upphaflega átti að gera einn þátt um íslensku Rock Star-prufurnar en nú erum við að tala um jafnvel þrjá eða fjóra þætti,“ segir Árni Björn Helgason hjá framleiðslufyrirtækinu Peim tveimur. „Það eru mjög miklar líkur á að það komsti jafnvel 3–4 í 50 manna úrtakið úti, þannig að það má segja að þetta sé að vinda allhressilega upp á sig,“ segir Árni.

Viðstaddur prufurnar var Bandaríkjamaður, Dean að nafni. Er hann að leita að söngvurum í þáttinn Rock Star Supernova sem er sjálfstætt framhald af þáttunum Rock Star INXS sem sýndir voru á Skjá einum í vetur.

„Þetta verður sýnt í júní eða júlí, vikurnar fyrir erlendu þættina.“

Magni kom á óvart

Árni segir að Dean hafi verið mjög hrifinn af íslensku keppendunum þó hann hafi ekki mátt segja hverjir væru bestir.

„Við sem fylgdumst með sáum alveg hverjir það eru sem eru heitastir. Jenni í Brain Police var góður og hann Kristó úr Lights on the Highway. Svo er Heiða úr Idolinu mikill rokkari auk þess sem Magni úr Á móti sól kom verulega á óvart.“

Maður hélt að hann væri bara gleðipoppari en Dean spurði hann miklu fleiri spurninga og var mjög hrifinn af honum,“ segir Árni en allir þessir söngvarar komust áfram í prufunum. Það voru svo 17 söngvarar af 60 sem mættu daginn eftir í svokallað „call back“ þar sem sungið var fyrir hinn bandaríska Dean.

Með Eddu á hillunni

„Það var bara sungið allt milli himins og jarðar. Mikið svona rokk, Stone Temple Pilots og svona amerískt „grunge“ rokk. Það voru líka nokkrar stjörnur sem komust ekki áfram. Til dæmis komst Heiða úr Unun ekki áfram auk þess sem Davíð Smári Idolstjarna varð að sitja eftir.“

Prufurnar byrjuðu klukkan níu um morguninn og voru margir harðir rokkarar mætti þá. „Það voru einhverjir sem fengu sér bjór þarna strax um morguninn, það er rokk í því.“

En Þeir tveir framleiðir ekki bara þessa Rock Star-þætti. „Við erum aðallega í auglýsingagerð fyrir útvarp og sjónvarp. Erum langþekktastir fyrir allsberu stelpurnar með

Drauminn og svo Villiköttinn líka. Núna erum við til dæmis að vinna disk fyrir Verzlunarskólann sem á að gefa út í 10.000 eintökum og senda á alla 10. bekkinga landsins, þannig að það er nóg að gera.“

Árni, sem var matreiðslumaður, er núna alveg kominn yfir í framleiðsluna og rekur fyrirtækið sem telur sex starfsmenn. „Við erum með eina Eddu uppi á hillu hjá okkur sem við fengum fyrir karamellumynd sem við gerðum. Svo vorum við tilnefndir til tveggja lúðra fyrir útvarp en fengum ekki.“

Texti: Breki Logason og Jón Mýrdal – H&N-myndir: Stefán og úr einkasafni

ROCK STAR-ÞÆTTI



Heiða í Idol
Árni og Heiða í
Idollinu. Hún stóð
sig frábærlega í
prufunum.

Peir Tveir Árni Björn
Helgason fyrrverandi
matreiðslumaður og
nú pródúsent.

„Magni úr Á móti sólf kom
verulega á óvart. Maður
hélt að hann væri bara
gleðipoppari en Dean
spurði hann miklu fleiri
spurninga og var mjög
hrifinn af honum.“



**Magni úr Á
móti sólf**
Sló í gegn
í prufunum
og heillaði
viðstadda.



**Hreimurinn Árni
og Hreimur úr
Landi og sonum.**

heirtveir
MYNDAGERÐ

Vídeóbloggarinn Prándur kallar sig Skvapadelicious

KONAN HLÆR BARA AÐ MÉR

Sjónvarpsstöðin Sirkus auglýsti um daginn eftir vídeóbloggurum og sóttu yfir 200 manns um. Prándur Jensson, 28 ára rafvirki, var valinn úr hópnum og mun hann blogga á hverjum degi í einn mánuð. „Ég er búinn að ganga með hugmynd í maganum í langan tíma og fannst þetta góð leið til að koma henni á framfæri, þess vegna datt mér í hug að sækja um,“ segir Prándur hress.

Á milli þess að vera þybbinn og feitur

„Mig langar að smíða klefa heima hjá mér og setja upp myndavél inni í honum og fara svo inn í klefann í heilt ár og taka myndir af mér berum að ofan. Ég er svona „skvapadelicious“, það er að segja mitt á milli þess að vera þybbinn og feitur. Ég er skvapa en ætla að verða delicious og ætla að skrásetja það þegar skvapið hverfur og þvottabrettið og brjóstkassinn myndast á mér. Þetta verður svoltítið eins og að horfa á blóm vaxa í náttúrulífspætti.“

Vídeóbloggið verður um undirbúning þessa, þar sem Prándur er að smíða klefann.

„Svo er ég líka að þróa púka-búning, mig langar svo að vera með alvöru rauðar linsur og horn og svona. Ég er búinn að vera að þróa alls konar raddir og karaktera í 10 ár. Ég veit ekki alveg hvað ég ætla að gera við þetta en þetta er rosa skemmtilegt. Svo á ég von á barni, þannig að það er nóg að gera,“ segir Prándur með bros á vör.

Vann með Lúsifer

„Konan mín er voða ánægð með að ég skuli vera kominn af stað með það sem mig langar að gera, hún er orðin vörn þessu og hlær bara að mér, en hún ætlar ekkert að vera með mér í þessu nema rétt bara til að segja hæ. Enda er hún feimin,“ segir Prándur sem hefur meðal annars samið innslög fyrir Sveppa vin sinn og félagan hans í Svínasúpunni.

„Ég vann Stuttmyndasamkeppni Reykjavíkur 1998 þegar ég gerði myndina Lúsifer. Hef þó verið að einbeita mér að skrifum undanfarið en langar að fara aftur að gera vídeó og þess vegna er þetta vídeóblogg helvíti skemmtilegt,“ segir Prándur hress í lokin.

Vídeóblogg Prándur Jensson er fyrsta vídeóbloggstjarna Íslands.

Fyndinn!



Fyndinn Prándur er drepfyndinn í blogg-færslum sínum.

VOR HVELLUR



Reiðhjólaverslun | Varahlutir | Verkstæði | Allt árið

Vaxtalaugar léttgreiðslur

DISCOVERY

Demparar
18 gíra Shimano

**30%
afsláttur**

MIKIÐ
ÚRVAL
AUKAHLUTA



KILDEMOES Classic Retro

7 gíra
Fótbremsa
Bretti
Böggjal
V-brem
Standai



Bubbi byggir
kr. 3.660



Baby Born
kr. 3.660



Felix
kr. 3.660

Þýskir hágæða reiðhjólahljálmar frá KED

Þríhjól með stöng

Stílanlegt sæti
Handbremsa
Stýristöng



Jafnvægishjól - best í byrjun

Stílanlegt sæti og stýri
Standari



BABY born

Stílanlegt stýri



LES EKKI FRÆÐIBÆ

Gáfaðir!

Góðir Hér eru strákarnir komnir með 31 stig en enduðu með 34.

Ásgeir Berg og strákarnir í MA eru gáfuðustu framhaldsskólanemar landsins.

Útvarpsstjórinn

Páll Magnússon sá strákana vinna keppnina.

Öflugir stuðnings-

menn Mikill fjöldi stuðningsmanna fylgdi liðinu frá Akureyri.

Þetta er nú eiginlega bara léttir eftir miklar æfingar, þetta hefur verið erfiður tími," segir Ásgeir Berg Matthíasson sem varð Gettu betur-meistari í síðustu viku ásamt félögum sínum í MA. Það voru þeir Magni Þór Óskarsson og Tryggvi Páll Tryggvason sem völluðu yfir Verzlina með tólf stigum. „Þetta var nú frekar mikið rúst, ég bjóst ekki við þessu. Vissi alveg að við ættum góða möguleika á að vinna en ekki svona auðveldlega," segir Ásgeir sem er úr Grindavík. „Mér datt nú bara í hug að fara í MA, þetta er mjög góður skóli og stelpurnar hérna eru mjög sætar," segir Ásgeir þegar hann er inntur álits á kvenpeningnum fyrir norðan.

Fær ekki að vera með í Trivial

Það liggur mikil vinna að baki einum svona titli og strákarnir hafa eytt mestum sínum tíma saman síðan í fyrra. En hvað þarf maður að gera til þess að vera góður í Gettu betur?

„Bara að vera viðlesinn, held ég. Þú nærð samt ekki að verða rosalega góður nema hafa smá náttúrutalent, held ég.“

Ásgeir segist alltaf hafa verið góður í spurningaleikjum. „Skiptum sem mér er boðið að vera með í Trivial Pursuit hefur fækkað, það býður mér eiginlega enginn að vera með lengur," segir Ásgeir sem ætlar í heimspeki og klassísk fræði í Háskóla Íslands næsta vetur.

Á leið til Berlínar

Ásgeir er tregur til svara þegar talið berst að aukinni kvenhylli eftir þennan góða árangur. „Maður fær auðvitað meiri athygli.“

Strákarnir í liðinu eru allir að útskrifast núna í vor en æfingar fyrir svona keppni eru nokkuð strembnar. „Stundum lesum við bara eitthvað og fáum svo það verkefni að leggja ákveðna hluti á minnið. Ég er nú ekkert að lesa neinar fræðibækur á klósettinu samt.“

Strákarnir fengur ferð til Berlínar í verðlaun og ætla að skella sér pangað saman við tækifæri.

KUR Á KLÓSETTINU

„Skiptum sem mér er boðið að vera með í Trivial Pursuit hefur fækkað, það býður mér eiginlega enginn að vera með lengur.“



Úrslitin ljós það brutust út mikil fagnaðarlæti þegar ljóst var að MA hafði sigrað.



Ánægður
Ásgeir Berg að lokinni keppni, ánægður með Hljóðnemann.



Andstæðingarnir
Verzlingar lutu í gras fyrir Menntaskólanum á Akureyri.

GAMAN AÐ SJÁ SKÖP HOPPA ÚT UM ALLAN



„Þetta er svolítið nýtt fyrir fólki og það er ekki alveg vissst um að þetta sé rétt. En það er að koma betur og betur í ljós hvað þetta er skemmtilegt.“

Ég er búinn að vera í þessu síðan 2002 og hef meðal annars verið að vinna fyrir bandarískt fyrirtæki og hef hannað fyrir Ameríkumarkað líka,“ segir Borgnesingurinn Jóhann Waage sem vakið hefur athygli fyrir flotta hönnun á lukkudýrum. Lukkudýrin ættu ekki að vefjast fyrir Jóhanni sem er lærður myndskreytir, eins og Brian Pilkington, grafískur hönnuður og markaðsfræðingur.

„Sem stendur er ég ekkert að vinna neitt í þessu, er hjá bandaríska sendiráðinu en er að hætta þar, maður er aðeins að myndskreyta barnabækur og svona í fristundum,“ segir Jóhann.

Hannaði Skalla

„Þetta er hörkufjör, svolítið öðruvísi, en það er gaman að sjá sköpunarverkin hoppa út um allan bæ í sjónvarpinu og svona,“ segir Jóhann sem er harður stuðningsmaður Skallagrims í körfuboltanum.

„Við erum með Skalla, sem er bolabítur, og allir fila hann. Við skelltum meira að segja hausnum á honum á gólfíð í íþróttahúsinu eins og þeir gera í NBA.“ En Jóhann hefur einmitt verið í stjórn körfuknattleiksfélagsins í Borgarnesi.

„Hugmyndin með Skalla er sú að á gömlu stuðningsmanna-

bolunum okkar vorum við með Disney-mynd af bolabít og ég útfærði hana bara svona eftir mínu höfði. Gerði hann aðeins nýttiskulegri en það vita allir hver Skallagrímur var, pabbi hans hefur örugglega verið „mean motherfucker“ svo við þurftum eitthert svona grimmt lukkudýr og bolabíturinn er harður nagli,“ segir Jóhann en Skallagrímur etur kappi við Njarðvíkinga í úrslitum Iceland Express-deildarinnar um þessar mundir.

Lukkudýr Njarðvíkur ljótt

„Njarðvíkingarnir voru svo nískir að þeir fengu sér einhvern forlata ljónabúning sem er hrika-

lega ljótur, það sést alveg að það eru krakkar í honum og það er enginn svona „cartoon“-filingur yfir honum,“ segir Jóhann sem hefur einnig hannað lukkudýr fyrir önnur íþróttafélög á Íslandi.

„Ég gerði Kela Keflvíking sem er skógarbjörn, Breiðablik er með sel sem er tekinn úr nafni bæjarins, KÓPAvogur. Svo gerði ég líka tigrisdýr fyrir Fylki í fótboltanum sem heitir Bolta-brandur.“

Jóhann hefur einnig hannað fleiri lukkudýr sem hafa ekki verið notuð ennþá. „Þetta er svolítið nýtt fyrir fólki og það er ekki alveg vissst um að þetta sé rétt. En það kemur alltaf betur

UNARVERKIN

BÆ

**Borgnesingurinn
Jóhann Waage
hannar lukkudýr**



**Snæfellingurinn
úr Stykkishólmi**

Himinbjörg Aftan á
stuðningsmannatreyju
Jóhanns er nafn dóttur
hans, Himinbjörg.

og betur í ljós hvað þetta er skemmtilegt. Út frá markaðslegu sjónarmiði getur þú líka gert svo margt við lukkudýr. Þetta er auglýsing fyrir þig og þú getur sent þetta út hvert sem er og er eiginlega svona annað lógó fyrir félagið.“

Bandaríkjamarkaður

En Jóhann hefur ekki bara hannað lukkudýr fyrir íþróttafélög. „Ég hef gert nokkur fyrir bandarískan markað. Eitt gerði ég fyrir lið sem heitir Indiana Firebirds og spilar í svona innanhúsdeild í amerískum fótbolta og svo gerði ég stóran og mikinn skógarbjörn sem

heitir Burk fyrir útivistarverslunina Cappellas.“

Capellas er ein stærsta heildsala í Bandaríkjunum og hefur Burk vakið nokkra athygli.

Borgnesingur

Jóhann Waage styður Skallagrím en hefur líka hannað lukkudýr fyrir önnur íþróttafélög.

**Styður
Skallagrím!**

**ALVÖRU
FÓLK**

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON

Björgvin talar um skíði, skauta, græju-fíkn og að hafa verið messagutti.

Fjölskyldunafn

1. „Ég heiti Björgvin Helgi Halldórsson. Björgvins-nafnið er frá móðurbróður mínum og Helga-nafnið frá Ömmu minni.“

Rekinn úr Brimkló

2. „Ég var rekinn úr hljómsveitinni Brimkló á fyrstu árum hljómsveitarinnar, en féll svo aftur í faðma félaga minna eftir nokkra dvöl á Englandi.“

Semur bara slagara

3. „Lögin Riddari götunnar, Í útvarpinu heyrði ég lag, Vertu ekki að plata mig og Skýið eru eftir mig.“

Aldrei á skíði

4. „Ég hef aldrei stigið á skíði.“

Datt á skautum

5. „Ég fór einu sinni á skauta og datt kylliflatur. Hef ekki farið í þá skó síðan.“

Hönnun

6. „Ég er mjög veikur fyrir allri hönnun og litasamsetningum.“

Ekki Bjöggi

7. „Ég vil láta kalla mig Björgvin en ekki Bjögga.“

Græjufíkill

8. „Ég er algjör græjufíkill. Þessi fíkn gat verið mjög slæm fyrir mig og fólk í kringum mig og ekki síst fyrir bodduna. Þessi fíkn hefur þó minnkað nokkuð í seinni tíð, sem betur fer.“

Gítarsafnari

9. „Ég safna gítörum, og þá helst sjaldgæfum og gömlum.“

Messagutti

10. „Ég er sjómanssonur úr Hafnarfirði. Ég fór fyrst á sjó 12 ára með föður mínum og sigldi til Englands og við veiddum við Nýfundnaland. Fyrsta starfið til sjós var sem messagutti á frægasta skemmtiferðaskipi Íslandinga, Gullfossi.“

10

hlutir sem þú vissir ekki um mig...

VANN SEM MESSAGUTTI UM BORD Í GULLFOSSI



Reynir Bakari

Góðar vörur, góð þjónusta, sanngjarnnt verð



...og þú
gengur að
gæðunum
vísun!



Reynir
Bakari

Reynir
Bakari

Reynir
Bakari

Reynir
Bakari

Reynir
Bakari

Dalvegi 4 • Sími 564 4700

Opið: Mánud.-föstud. 06:00 - 18:00, laug. 06:00 - 17:00, sunn. 07:00-17:00

Hamraborg 14 • Sími 554 4200

Opið: Mánud.-laugard. 08:00 - 18:00, laug. 08:00-16:00, sunn. 09:00-16:00

SKEMMTUFGASTA I HEIÐVIL SPURNINGAKEPPNI

SPURNINGAKEPPNIN
SPURÐU VIN ÞINN



1. Númer hvað er Silvía Nótt í röðinni á sviðið í Aþenu?
2. Hvaða söngkona syngur lagið Nine Million Bicycles?
3. Hvað heitir þjálfari enska landsliðsins í knattspyrnu?
4. Hvert er póstrúmerið í Borgarnesi?
5. Hver er bæjarstjóri í Reykjanesbæ?
6. Hvaða fræga leikkona prýddi forsíðu nýjasta Playboy?
7. Hvað heitir eiginmaður Madonna?
8. Hvaða ár hætti bolludagur að vera frídagur í skólum á Íslandi?
9. Hvað hét auglýsingastofan Pipar áður?
10. Hver hefur tekið við stjórninni í The Apprentice af Donald Trump?
11. Fyrir hvaða Formúlu 1 lið ekur Ralf Schumacher?
12. Hver er ritstjóri Sunnlenska fréttablaðsins?
13. Hver var forseti Bandaríkjanna á undan Abraham Lincoln?
14. Hvað á Jesús að hafa verið gamall þegar hann dó?
15. Hvað heitir Bangsímon á frummálinu?
16. Hversu gömul er Svava Johansen í Sautján?
17. Hver er með vefinn spamadur.is?
18. Hvað heitir Magni í Á móti sól réttu nafni?
19. Hefur Anna Kournikova leikið í James Bond-mynd?
20. Með hvaða orðum kvaddi Hemmi Gunn alltaf í þáttunum Á tali?


MEÐLSKORIÐ ÚR ÞESSARI KEPPNI ER 11 STIG

1. Stjóst
2. Katie Melua
3. Sve-Göran Eríksson
4. 310
5. Arni Sigfrússon
6. Jessica Alba
7. Guy Ritchie
8. 1917
9. Hausverk auglýsingastofa
10. Martha Stewart
11. Toyota
12. Bjarni Harðarson
13. James Buchanan
14. 33 ára
15. Winnie the Pooh
16. 42 ára
17. Eilíf Armanns
18. Guðmundur Magni Asgeirsson
19. Nei - 20 "Verði hress, ekkert stress...og...bless, bless"



ÞÉTT SVÖR

SKOPMYND VIKUNNAR



Hvað segirðu
dr. Simmi, þarf ég
að hafa áhyggjur af
þessu?

Mér þykir þetta
leiðinlegt Kolb, en
ég held að þú sért
að breytast í gulrót.

Mýnd: Þorvaldur

GULAN HERJAR Á FM-HNAKKANA

HÉR & NÚ KROSSGÁTAN

NR.29



LÁRÉTT

- 1 HÆÐA (3)
- 4 MÆLIEINING (3)
- 7 STARFA (4)
- 9 ÞJÓFNADUR (3)
- 11 GANGPÓFI (2)
- 12 KÆKUR (5)
- 14 RAFTUR (4)
- 16 HINKRAÐ (5)
- 17 Í RÖÐ (2)
- 19 LAUS GREINIR (3)
- 20 HEIMAMAÐUR (4)
- 22 FISKA (4)
- 24 BOTNFALL (4)
- 26 NÍÐA (5)

LÁRÉTT

- 29 ÓNN (3)
- 30 KOMPU (5)
- 32 KAÐALL (3)
- 33 STYKKI (3)
- 34 Í RÖÐ (2)
- 35 ÞREYTU (4)
- 37 KUNNINGI (5)
- 39 STEINFELLUMYND (6)
- 41 HILLINGAR (5)
- 43 GÓÐGÆTI (4)
- 45 UMRÓT (3)
- 47 Á LÍÐANDI STUNDU (2)
- 48 SUNNA (3)
- 49 BRESTIR (5)
- 51 GUFUHEINSA (4)

LÓÐRÉTT

- 53 FÆÐA (3)
- 54 LOSA (4)
- 56 SAMANBURÐAR-
TENING (2)
- 58 ARR (3)
- 59 HINN SEINNI (6)
- 60 VÉL (4)

LÓÐRÉTT

- 1 SVEIGUR (4)
- 2 EINN ÞÚSUNDASTI
HLUTI (5)

- 3 UTAN (2)
- 5 FLÝTIR (4)
- 6 TUNGL (4)
- 8 GRANNA (5)
- 10 NUDDA (4)
- 13 SJÚKT (5)
- 15 HÁSTÉTT (4)
- 18 LÉTT HÖGG Á DYR (4)
- 19 TVEIR EINS (2)
- 21 STEIKJA (5)
- 23 SPÖRFUGL (7)
- 25 ÍLÁT UNÐAN TEI (5)
- 27 BERGTEGUND (3)
- 28 STEINTEGUND (4)
- 31 FRAMKOMA (3)

- 34 MATGRÁÐUGS MANNS (4)
- 36 SMÁFISKA (4)
- 38 RÍKI (5)
- 39 TAL (3)
- 40 STUNÐARFJÓRÐUNGUR (6)
- 42 DAGLEIÐ (6)
- 44 KYRRÐ (2)
- 46 KLIPPUR (5)
- 49 MUNNVATNSRENNSLI (4)
- 50 KROPP (4)
- 52 ANDLITSFARÐI (4)
- 53 TEMJA (3)
- 55 SKÓLI (2)
- 57 PRÓFGRÁÐA (2)
- 58 SJÓ (2)

NÝI ÖKUSKÓLINN

Öll vinnuvélaréttindi
Öll ökuréttindi
Skapaðu þér þitt
eigið góðæri



Nýi ökuskólinn **et** húsinu Klettagördum 11

S: 588-4500 www.et.is

hér & nú

STÚLKAN

**Pórdís
Grétarsdóttir
16 ára**

Ég er að verða sautján," segir Hér & nú stúlkan Pórdís Grétarsdóttir. Pórdís er að vinna í Bónus á Laugaveginum og segist kunna ljómandi vel við sig þar þessa stundina. „Ég er ekki enn búin að ákveða hvað ég ætla að verða þegar ég verð stór," segir Pórdís sem tekur lífinu með ró þessa dagana og er ekkert að stressa sig enda ung enn. Helstu áhugamál Pórdísar eru djamm og hestamennska á hún sjálf einn hest. „Ég hef ekki ennþá nennt í skóla. Ég veit ekki ennþá hvað mig langar til að læra." Pórdís á ekki kærasta og hyggst halda sig heima á Íslandi í sumar.

- Fullar búðir af nýjum vörum -



Nýkomin risasending - Allt nýjar vörur
Lægra verð og meira úrval

Strengir frá 493 - Brjóstahaldar frá 993,-kr
Mjög mikið úrval í öllum stærðum



Fyrir 20 tegundir af nudittækjum - Verð frá 3.893,-kr til 5.993,-kr

Pumpa fyrir karlmenn 4.693,-kr

Mikro ríðitól frá Teru Patrick, 5.993,-kr



Long-time krem
Seturkar/þengir,
Berstot & kynfærir
karlmanna
1.943,-kr



Stöðvöðgarkrem,
Berstot & kynfærir
karla
1.943,-kr



Gisseng dropar
fyrir aukin kraft
í kynlífi, 2.993,-kr



Óvænnt stíð-krem
Eykur tilföfingu,
Berstot & kynfærir
kvenna
1.943,-kr



Eykur blöðfæði
til kynfæra kvenna
2.193,-kr



ID Pleasure slöppiefni
með L-Arginine
(sama og í víscreme)
Vatnssúppleyvaningt,
LÍTILL & 1.493,-kr og
stór & 1.943,-kr



ID Míllium slöppiefni
Háþéna síttan
sem klístrast
ekki eða
Sunnur
Vatnshélt
Verð 1.493,-kr og
2.493,-kr stór



Astarðropar eru
komin aftur!
5-10 dropar blandaðir
í drykk,
Verð 1.943,-kr

Sex-inspector tungutitrari, Þessi pakki inniheldur m.a.: Tungutitrara, rafhlöður, rafhlöðupakkli sem tengist í lítravísa nota til að spara líflu rafhlöðum! Tengdur til að fella beint á tungu og halsur sem gefa málafna áferð á lítrara. Áttugli að þetta er eini lítrarin sem festist beint á tungu. Varnt eftirlitningar. Verð aðeins 5.993,-



Fruít bomb bragðbært
slöppiefni með skammtara
Margar bragðtegundir
Verð 1.743,-kr



Gett úrval af búningum og fylgihlutum
fyrir bæði kyn
Merkulíkar hánskar af!
Verð frá 3.993,-kr til 8.993,-kr



Prestalður lítrandi
muddringur,
Verð 4.493,-kr



G-blettur
fingartitrari
Verð 2.493,-kr

Reykjavík 517-1773
Sæbraut/Holtavegur

Akureyri 461-3031
Sunnuhlíð
Ópíó

Virka daga 10.00 til 22.00
Laugardaga 12.00 til 21.00
Sunnudaga 14.00 til 20.00

Virka daga 10.00 til 19.00
Laugardaga 12.00 til 18.00

Sendum um allt land
Sendingar bera ekki nafn Adam og Evu

Adam & Eva
MEGASTORE
adamogeva.is

KAUPTU EKKI KÖTTINN Í SEKKNUM

BJÓÐUM EVRÓPUGERÐIR MEÐ 24 MÁN. VERKSMÍÐJUÁBYRGÐ



GRAND CHEROKEE

GERÐU RÉTTAN VERÐSAMANBURÐ

Jeep



Evrópugerð Grand Cherokee

CRD 2006 **Diesel Mercedes Benz**

Sýningarbíll á staðnum

Ath. Nýir bílar frá Evrópu

Eigum á lager nokkra nýja

Jeep Grand Cherokee

Evrópugerðir með 2ja ára verksmiðjuábyrgð

Verð frá kr. 4.790.000.-

Grand Cherokee Ltd. og Laredo
með 3.0 L. V6 Mercedes Benz Dieselvél
Stuttur afgreiðslutími



2ja ára verksmiðjuábyrgð - Sérhæft þjónustuverkstæði með bilanaleitátölvu sem tryggir vönduð vinnubrögð

Opið mánud.-föst. kl.9-18 laugard. kl.12-16

Studiobilar ehf. Sími: 5400 800 - Fax: 5400 801
Smiðsbúð 2 210 Garðabær - E-mail: studiobilar@studiobilar.is

Hringdu núna...

Sími 5400 800

www.studiobilar.is

Fermingargjafir

fyrir poppara, rappara og rokkara...

Trommusett
frá 36.500 kr.


Kassagítarar
frá 10.900 kr.

Hljómborð
frá 23.900 kr.

Gítarmagnarar
frá 9.900 kr.

Rafmagnsgítarar
frá 15.900 kr.

Mbox með Pro Tools
frá 41.500 kr.


HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ